



Vilja Svein Andra burt

Innlent **2**

Arion banki hefur farið fram á að Sveinn Andri Sveinsson verði settur af sem skiptastjóri þrotabús WOW air.



Tölvubrjótar svíkja út tugi milljóna

Innlent **4**

Óprúttir aðilar beita sífellt flóknari og trúverðugri blekkingum til að svíkja fé út úr fyrirtækjum á Íslandi.



Miðflokkurinn rís upp aftur

Fréttaskýring **6**

Klaustursmálið hefur flýtt för Miðflokksins út á jaðar stjórnmalanna. Samhliða hefur fylgi flokksins aukist á ný.



Færeyingar varkárari en Íslendingar

Menning **34**

Tónlistarmaðurinn Janus Rasmussen segir mikinn mun vera á íslensku og færeysku tónlistarsenunni.

MANNALÍF

Fréttir / Heimurinn



Viðtalið / Agnes Sigurðardóttir

„Við megum ekki láta óttann stjórna okkur“

Frú Agnes Sigurðardóttir varð á dögnum fyrst íslenskra biskupa til að heimsækja mosku á Íslandi. Hún segir andúð gegn innflytjendum og hælisleitendum byggjast á hræðslu og að Ísland þurfi að leggja meira af mörkum í málefnum flóttamanna. Meðal annars þurfi stjórnvöld að hætta að senda fólk út í óvissuna.




BIRTINGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík
s: 515 5500

Útgefandi og ábyrgðarmaður:
Halldór Kristmannsson
Framkvæmdastjóri:
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Markaðsfulltrúar: Bjarni Þór Jónsson,
Garðar Ingi Leifsson og Ásgeir Aron Ásgeirsson
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson
Aðstoðarútgáfustjóri Mannlífs:
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Umsjónarmenn:
Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir,
Sigríður Elín Ásmundsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir
Kjarninn: Þórður Snær Júlíusson
Forsíða Mannlífs: Hallur Karlsson
Förðun: Helga Sæunn Þorkelsdóttir, alþjóðlegur
förfundunarfræðingur Lancôme á Íslandi
Auglýsingar: auglýsingar@birtingur.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Dreifing: Póstdreifing



Ísafoldarprentsmiðja - Umhverfissvottun 141 825



Roald Viðar Eyvindsson
Útgáfustjóri



Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarútgáfustjóri



Magnús Geir Eyrjólffsson
Fréttastjóri



Guðný Hönn Antonsdóttir
Vefstjóri Mannlífs



Egill Páll
Egilsson



Magnús
Guðmundsson



Hanna Ingibjörg
Arnarsdóttir



Sigríður Elín
Ásmundsdóttir



Steingerður
Steinarsdóttir

BLAÐAMENN

Elín Brita Sigvaldadóttir, Bergþóra Jónsdóttir,
María Erla Kjartansdóttir, Folda Guðlaugsdóttir, Iris Hauksdóttir,
Guðrún Óla Jónsdóttir, Sigrún Guðjohnsen, Steinar Fjeldsted

LJÓSMYNDARAR

Aldís Pálsdóttir yfirljósmyndari, Hallur Karlsson,
Hákon Davíð Björnsson

PRÓFÖRK

Guðný Þórarinsdóttir, Guðrður Haraldsdóttir, Ragnheiður Linnét

LUMAR ÞÚ Á FRÉTT?
Sendu ábendingu á
ritstjorn@mannlif.is.



Innlent
DÓMSMÁL

Texti / Egill Páll Egilsson

Sveinn Andri í óþökk Arion Banka

Arion banki hefur farið fram á að Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður verði settur af sem skiptastjóri þrotabús WOW air vegna vanhæfis.

Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, staðfestir í samtali við Mannlíf að bankinn hafi óskað eftir því að Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og nýskipaður skiptastjóri þrotabús WOW air, verði settur af vegna vanhæfis. Hann staðfestir einnig að þetta tengist ágreiningi bankans við bústjóra þrotabús tölvufyrirtækisins Data Cell þar sem Arion er stærsti kröfuhafinn. Sveinn Andri er skiptastjóri í því búi.

Ég vil að öðru leyti ekki tjá mig um þetta. Málið er bara í farvegi og við ætlum ekki að reka það í fjölmiðlum,“ segir Haraldur í samtali við Mannlíf en Arion banki er, eins og kunnugt er, einn af stærstu kröfuhöfunum í þrotabú flugfélagsins WOW air. Þegar WOW air varð gjaldþrota skuldaði félagið bankanum á annan milljarð króna.

Þótt Arion banki hafi farið fram á að Sveinn Andri verði settur af sem skiptastjóri þrotabús WOW air, gæti það orðið snúið. Arnar Þór Stefánsson, lögmaður hjá LEX lögmannsstofu, segir að mikið þurfi til að skiptastjóri þrotabús sé settur af eftir að hafa verið skipaður. „Það þarf mikið til. Það eru ákvæði í lögum um gjaldþrotaskipti sem segja að viðkomandi þurfi að brjóta af sér í starfi eða vera með stórkostlega slæga framgöngu. Undanfari er yfirleitt á þá leið að sett hafi verið fram aðfinnsla við héraðsdóm á störfum viðkomandi og að Héraðsdómur hafi fallist á réttmæti aðfinnslanna. Ef Héraðsdómur telur að þessar aðfinnslur séu nægilega miklar getur dómari sett viðkomandi af. Þannig að það þarf mikið til, einhvers konar klúður í starfi,“ segir Arnar.

Umdeild ákvörðun

Eins og áður hefur komið fram í fjölmiðlum hefur ákvörðun Símonar Sigvaldasonar, dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, að úthluta þrotabúi WOW air til Sveins Andra og Þorsteins Einarssonar einnig valdið titringi innan lögmannastéttarinnar síðustu daga. Hver lögmaðurinn á fætur öðrum hefur komið fram í fjölmiðlum og gagnrýnt skipanina. Þung orð hafa fallið um ógagnsæi og spillingu innan Héraðsdóms Reykjavíkur.

Lögmennirnir Krístrún Elsa Harðardóttir og Saga Ýrr Jónsdóttir sögðu í Fréttablaðinu að skipan hans væri undarleg í ljósi þess að hann væri umdeildur vegna fyrri embættisgjörða sem skiptastjóri yfir öðrum stórum búum. Þar vísa þær til þess að fjögur félög kærðu hann nýlega, m.a. Mjólk-ursamsalan og Sláturfélag Suðurlands, vegna þrotabús EK1923.

Áslaug Björgvinsdóttir, lögmaður og fyrrverandi héraðsdómari, sagði í viðtali á mbl.is að ógagnsæi ríki hjá dómstólum um skipan skiptastjóra og eftirlit dómstóla með þeim. Kvartanir vegna starfa skiptastjóra berist reglulega en ekkert sé birt opinberlega um það ef dómurinn finni að störfum skiptastjóra eða víki þeim úr starfi, ólíkt því sem gildir um önnur mál fyrir dómstólum.

Lögmaðurinn Þórður Már Jónsson gengur lengra í færslu á Facebook og sakar Héraðsdóm um að úthluta Sveini bestu bitunum eftir hentisemi. „Ég veit ekki hvað maður á að halda um þetta, en einhverjir eru farnir að nefna orðið spilling. Ég veit ekki hvað ég á að halda persónulega, en það er ljóst að eitthvað er ekki eins og það á að vera. Bara alls ekki. Hvers vegna það er þori ég ekki að segja til um. Það verða aðrir að geta í eyðurnar með það,“ segir Þórður m.a. í færslunni og í Morgunútvarpi Rásar 2 sagði hann: „Það er ekkert gagnsæi sem er haft að leiðarljósi við þessar úthlutanir og skipanir.“

Símon Sigvaldason hefur vísað ásökunum Þórðar á bug í samtali við Vísi og sór jafnframt af sér nokkur tengsl við Svein Andra sem gæfi honum tilefni til þess að hygla honum sérstaklega.

Sveinn Andri Sveinsson
hæstaréttarlögmaður.

Mynd / Kristinn Magnússon



„Ég veit ekki hvað maður á að halda um þetta, en einhverjir eru farnir að nefna orðið spilling.“





Iðnaðarlíftækni

Ný námsleið Háskóla Íslands
í nánun samstarfi við atvinnulífið

Iðnaðarlíftækni er ný námsleið í meistaranámi sem Háskóli Íslands býður upp á í nánun samstarfi við alþjóðlega lyfjafyrirtækið Alvotech. Námsleiðin skapar ótal möguleika fyrir nemendur til þátttöku í nýsköpun á sviði líftækni.

- Námið er kjörið fyrir þá sem hafa lokið grunnnámi í raun- eða lífvísindum, heilbrigðisvísindum, verkfræði eða öðru sambærilegu námi.
- Nemendur öðlast víðan skilning á nýtingu líftækni í iðnaði.
- Hagnýt rannsóknarverkefni í samstarfi við íslensk líftæknifyrirtæki eins og Alvotech sem starfar á alþjóðlegum líftæknilyfjamarkaði.
- Sérfræðingar úr atvinnulífinu og vísindamenn frá Alvotech koma jafnframt að kennslu sem fer að hluta til fram í Hátæknisetri fyrirtækisins í Vatnsmýri.
- Námið skapar nemendum ótal tækifæri í atvinnulífi, bæði hjá sprotafyrirtækjum og stærri fyrirtækjum og stofnunum í líftækni.

Kynningarfundur vegna námsins verður þann 11. apríl kl. 16:30 í stofu HT-102 á Háskólatorgi

Skapaðu þér ný tækifæri í spennandi geira sem er í örum vexti

Umsóknarfrestur er til 15. apríl - nánar á hi.is/idnadarliftaekni



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Hanna
Millifærsla

From: hanna@fjarmalasjori.is To: elias@gjaldkeri.is

Sæll, Elías

Hefur þú tök á því að senda erlenda greiðslu fyrir mig á nýjan viðtakanda? Eg er á fundi og kemst ekki í þetta. Eg sendi þér bankaupplýsingar ef þú kemst í þetta.

Kv.

Hanna

Sent from my iPhone

Hanna
Re: Millifærsla

From: hanna@fjarmalasjori.is To: elias@gjaldkeri.is

Sæll aftur

Það er farið að liggja á þessu. Getur þú hent þér í þetta? Hvað getum við sent háa fjárhæð í einni færslu?

Kv.

Hanna

Sent from my iPhone

Hanna
Re: Millifærsla

From: hanna@fjarmalasjori.is To: elias@gjaldkeri.is

Það glóa allar línur hjá okkur. Peningarnir verða að fara frá okkur ASAP!

Hér eru bankaupplýsingar: Nafn: _____

Heimilisfang: _____ Póstnúmer: _____

Borg: _____ Land: _____ Netfang: _____

Swift: _____ IBAN: _____ Mynt: _____

Fjárhæð: _____

Það er míst að þetta verður að vera hraðgreiðsla, með same day value.

Sent from my iPhone

Tölvuglæpir

Fyrirtæki orðin algeng skotmörk

„Ég myndi telja að við séum að sjá fleiri glæpi sem er beint að fyrirtækjum, þ.e. þar sem fyrirtækin eru skotmörk. Öprúttir aðilar komast inn fyrir varnir, fylgjast með daglegri vinnslu áður en þeir slá til. Svona aðilar sjá til þess að aðgerðir þeirra séu illreklamlegar“, segir Valdimar Óskarsson, framkvæmdastjóri Syndis, sem sérhæfir sig í tölvuöryggi í samtali við Mannlíf.



Aðspurður um hvernig séu íklegastir til að falla fyrir svik- um á Netinu, þ.e. hvort einhverjir ákveðnar markhópar séu til fyrir slíka tölvuprjótta segi Valdimar að það fari eftir eðli tölvuglæpsins. „Dulköðun gagna þar sem greiða þarf gjald til að fá gögnin aftur er oft beint að einstaklingum en getur einnig haft áhrif á fyrirtæki. Svokölluð framkvæmdastjóra- eða fjármála- stjórsvik er oftast beint að fyrirtækjum og þau eru skipuöð. Þeim er hægt að verjast, að hluta til með betri auðkenningu og verklagi en það eru til ýmsar aðferðir til að blekkja starfsfólk þar sem óværu er komið í tölu notanda og öprúttinn aðili nær yfirráðum tölvunnar“, segir hann. Valdimar leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa góðar atburðaskráningar (e. logga) til að geta rannsakað atvik sem koma upp. „Og geta fullvissað sig um að ekki séu aðrar tölvur smitaðar sömu óværu þar sem öprúttni aðlilinn bíó- ur færís á að slá til aftur.“

Tölvuprjótur svikja út tugi milljóna í stökum millifærslum.

„Millifærðu 45 milljónir í hvelli“

Tölvuglæpir og nettengd afbrot af margvíslegu tagi hafa færst mjög í aukana undanfarin ár og verða tölvuprjótur sífellt betri í því að blekkja fórnarlömb sín. Falsanir á greiðslufyrirmælum er ein tegund tölvuglæpa sem hefur valdið fyrirtækjum og einstaklingum á Íslandi miklu tjóni. Dæmi eru um að starfsfólk fyrirtækja hafi verið blekk til að millifæra tugi milljóna króna í þeirri trú að um viðskiptamann sé að ræða.


Texti / Egill Páll Egilsson

Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda (FA), segir ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af þróuninni, en næstkomandi þriðjudag einir félagið til morgunverðarfundar undir yfirskriftinni Hvernig geta fyrirtæki varist netglæpum?

„Það hafa komið inn á okkar borð dæmi um félagsmenn sem hafa lent í þessu og við þekkjum einnig mörg dæmi utan félagsins. Við viljum vekja athygli á þessari þróun áður en dæmunum fjólgar“, segir Guðný í samtali við Mannlíf.

Hún segist telja að fyrst og fremst sé um að ræða erlenda tölvuprjótta en útilokar ekki samstarf við íslenska aðila og bendir á að tölvuprjótarnir séu farnir að nota mun vandaðra málvarn áður en þeir þekkt og því sé sífellt auðveldara að láta blekkjast. „Þeim tekst að taka yfir netföng og fara yfir tölvu- póstsamskipti. Þannig ná þeir að kynna sér samskiptasögu aðila og orðfæri þess aðila sem á að líkja eftir.“

Spurð að því hvernig þessir glæpir lýsi sér í dag segir hún að algengast sé að sjá svokallaðar greiðslufyrirmælafalsanir. „Það koma tölvupóstar frá viðskiptamönnum fyrirtækja, t.d. erlendum birgjum, þar sem verið er að biðja um að fyrirtækið leggi inn á nýjan reikning og viðkomandi reikningar virðast tengdir við nafn raunveru-



„Þeim tekst að taka yfir netföng og fara yfir tölvupóstsamskipti. Þannig ná þeir að kynna sér samskiptasögu aðila og orðfæri þess aðila sem á að líkja eftir.“

„Ég hef heyrt dæmi um allt frá 500 þúsundum og upp í 45 milljónir sem sviknar eru út úr fyrirtækjum í stökum færslum.“

lega kröfuhafans. Einnig eru dæmi um að gefinn sé út nýr reikningur sem litur út eins og hefðbundinn reikningur en þar er búið að breyta greiðslufyrirmælum. Reikningurinn er þá greiddur til rangra aðila en eftir stendur hinn upphaflegi reikningur sem er ógreiddur, „útskýrir Guðný og bætir við að önnur tegund þessara svika sé svokölluð stjórndasvik (e. CEO Fraud).

pósta líta út fyrir að koma úr öðru netfangi en þeir koma raunverulega. Greiðendur falla þá í þessa gryfju þar sem þeir telja sig vera í samskiptum við fólk sem þeir treysta.“

Guðný segir að um mjög háar upphæðir sé að ræða. „Ég hef heyrt dæmi um allt frá 500 þúsundum og upp í 45 milljónir sem sviknar eru út úr fyrirtækjum í stökum færslum hér á Íslandi“, segir hún og bætir við að þegar millifærsla hefur verið framkvæmd sé skaðinn skeður. Hún þekki ekki dæmi um fórnarlömb slíkra glæpa sem hafi endurheimt fjármuni sína.

Oft og tíðum sé þetta tap fyrir greiðandann en í þeim tilvikum sem greiðandi hafi talið sig vera að greiða kröfu sem er enn til staðar eftir greiðsluna skipti m.a. máli hvernig netöryggismálum viðkomandi aðila var háttað og úr hvaða netfangi fyrirmælin bárust.



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda (FA).

Hvernig fara tölvuprjótur að?

Tölvuprjótur verða sífellt þolinnóðari og verja miklum tíma í undirbúning. Þeir reyna að komast yfir nöfn og netföng starfsfólks og brjótast jafnvel inn í tölvupósterfi, kortleggja pósthögðun, orðaval og setningaskipan sem eru dæmigerð fyrir þá starfsmenn sem þeir ætla að líkja eftir. Sérstaklega er leitað að tölvupóstum sem innihalda orð á borð við erlend millifærsla, swift, simgreiðsla, wire transfer, invoice, reikningur, deposit og þess háttar. Tímasetning slíkra pósta er greind nákvæmlega þ.e. hvaða daga þeir eru sendir, klukkan hvað, frá hverjum og til hverra.

Fleiri mál rata á borð lögreglu

Lögreglan á samstarf við erlend lögreglu- lið um tölvu- og nettengd brot á vettvangi Norðurlandanna, Evrópulögreglunnar (Europol) og Alríkislögreglu Bandaríkjanna (FBI).

Ábendingar í gegnum Facebook-síðu lögreglu eru mjög gagnlegar þar sem lögregla fær án tafar upplýsingar um netglæpi í rauntíma. Að sama skapi nýfast samfélagsmiðlar lögreglu vel til að miðla upplýsingum, forvarnarfræðslu

og viðvörðunum um yfirstandandi netafbrot til almennings.


Gislataka gagna er vel þekkt erlendis og dæmi eru um að Íslendingar og íslensk fyrirtæki hafi orðið fyrir silikum árásum.

„Business E-mail Compromise“ eru svik eins og lýst er hér fyrir ofan. Þar er oftast tilgreint í tölvupóstinum „sent from my iPhone“.

Með samvinnu lögreglu og fjármálaeftirlits (FME) hefur tekist að stöðva greiðslur sem hafa átt að fara á reikninga erlendis.

Kortanúmeraveiðar (e. Phishing) eru ein útbreiddasta tegund tölvu- og netglæpa sem berast lögreglu. Einstaklingar gefa upp korta- upplýsingar á vefsíðu í von um endurgreiðslu á þjónustu sem viðkomandi hefur verið tilkynnt í tölvupósti að hafi verið ofgreidd. Fjöldi Íslendinga hefur fallið í þá gildru síðustu ár. Dæmi er um tölvupóst af þessu tagi þar sem stofnað hefur verið falskt lén til að láta líta út fyrir að sendandi sé fyrirtæki eða löggæðli. Árásir af þessu tagi hafa valdið miklu tjóni.

Úr skýrslu ríkislögreglu fjóra um skipulagða glæpastærsemi frá 2017.





FRUMSÝNING LAUGARDAG

Fyrsti jeppinn frá Citroën!

— *Gæði og þægindi*

Komdu og sjáðu þennan tímamótabíl í 100 ára sögu Citroën. Aðalsmerki Citroën, einstök fjöðrun og framúrskarandi þægindi leika lykilhlutverk í hönnun og smíði C5 Aircross. Sannkallaður lúxusjeppi á einstöku verði. Kynntu þér örugg gæði Citroën.



Citroën C5 Aircross SUV
Tilnefndur sem Bill ársins í Evrópu 2019!

NÝR CITROËN C5 AIRCROSS SUV



Progressive Hydraulic Cushions fjöðrunarkerfið

Hár frá götu eða 23 cm

Breið þægileg framsæti

20 aðstoðarkerfi sem tryggja öryggi í akstri

Einstaklega stórt skott allt að 720 lítrar

Öflug Grip Control spólvörn á framdrifið er snilld í snjónum

3 stök aftursæti, öll jafnbreið, með plássi fyrir þrjá barnastóla

Þráðlaus símahleðsla og Apple CarPlay

VERÐ FRÁ:

3.890.000 kr.

KOMDU OG PRÓFAÐU NÝJA CITROËN C5 AIRCROSS SUV MEÐ KRAFTMIKILLI VÉL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTINGU OG GRIP CONTROL SPÓLVÖRN SEM ÁSAMT EINSTAKRI 23 CM VEGHÆÐ GERIR HANN FRÁBÆRAN Í SNJÓ OG HÁLKU.

ÖRUGG GÆÐI CITROËN!

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 8
Sími 515 7040

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Öruggur staður til að vera á



kjarninn
FRÉTTASKÝRING

Hentistefnuflokkur íslenskra stjórnmála

Miðflokkurinn er að marka sérstöðu í íslenskum stjórnmálum með getu sinni til að taka flókin mál, smætta þau niður í einfaldar lausnir og stilla sér upp sem varðmanni fullveldis og almennings í þeim. Leiðtogi flokksins hefur náð góðum tókum á skynhyggjustjórnmálum og virðist geta staðið af sér ótrúlegustu hneykslismál. Það síðasta, Klausturmálið, hefur flýtt för flokksins á jaðar stjórnmálanna. Þar virðist hann kunna vel við sig. Og hefur, þrátt fyrir allt, verið að sækja í sig veðrið að undanfögnu.



Fyrir Sigmundur Davíð skiptir mjög miklu máli að koma þremur helstu málefnum flokks hans á framfæri. Sem eru Sigmundur, Davíð og Gunnlaugsson. „Þetta sagði Andrés Magnússon, blaðamaður á Viðskiptablaðinu sem hefur starfað fyrir Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningabaráttum hans, í sjónvarpsþætti á Hringbraut í byrjun október 2017.

Tilfnið var að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, hafði ákveðið að segja sig úr Framsókn í 3.500 orða bréfi til flokksmanna og stofna nýjan flokk í kringum sjálfan sig. Sá flokkur fékk á endanum nafnið Miðflokkurinn og náði að bjóða fram í öllum kjördæmum í hinum skyndilega alþingiskosningum sem boðaðar voru um miðbik septembermánaðar og fóru fram 28. október 2017.

Stefna hins nýja flokks var loðin. Í fyrstu viðtölunum sem formaðurinn fór í eftir stofnun hans var mest talað um að vilja framhald af því „hvernig við unnum hlutina á árunum 2009–2016,“ en það er sá tími sem Sigmundur Davíð gegndi formennsku í Framsóknarflokki. Helsta stefnumálið var því að spóla til baka til þess tíma sem var áður en að Sigmundur Davíð þurfti að segja af sér vegna Wintris og Panamaskjalanna.

Hópurinn sem stóð að flokknum samanstóð að mestu af helstu bandamönnum Sigmundar Davíðs úr Framsóknarflokki og öðrum fylgismönnum hans sem fylgt höfðu honum að málum árum saman. Á meðal þeirra sem skiptu um lið voru Gunnar Bragi Sveinsson og Vigdís Hauksdóttir auk þess sem Bergþór Ólason, sem gegnt hafði trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, kom um borð.

Unnu stórsigur

Tæpum tveimur vikum fyrir kosningar 2017 var kosningastefna Miðflokksins kynnt. Helsta stefnumálið snerist um að íslenska ríkið ætti að kaupa Arion banka að fullu, en það átti þá 13 prósent í bankanum. Svo vildi Miðflokkurinn að

”

„Fyrir Sigmundur Davíð skiptir mjög miklu máli að koma þremur helstu málefnum flokks hans á framfæri. Sem eru Sigmundur, Davíð og Gunnlaugsson.“

Þriðjungur yrði seldur í opnu útboði, að ríkið myndi halda eftir um þriðjung og að þriðjungur yrði gefinn landsmönnum. Hugmyndin þótti illa ígrunduð af flestum sérfræðingum, enda átti að nota skattfé almennings til að kaupa hlut í banka sem átti síðan að gefa almenningi aftur að hluta. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, kallaði hugmyndina til að mynda „innihaldslaut blaður“. Þrátt fyrir að vera ekki með nánast neina stefnu, að vera nýstofnaður og keyra kosningabáttu sína að meginstefnu á loforði sem gagnrýnendur gátu auðveldlega tætt í sig með skynsamlegum rökum, þá vann Miðflokkurinn stórsigur í alþingiskosningunum haustið 2017.

Alls fékk Miðflokkurinn 10,9 prósent atkvæða í síðustu alþingiskosningum, sem er mesta fylgi sem nýr stjórnmálaflokkur hefur nokkru sinni fengið í fyrstu þingkosningunum sem hann hefur boðið fram í. Flokkurinn fékk alls 21.335 atkvæði, og það sem meira var, 316 atkvæðum fleiri en Framsóknarflokkurinn. Sigur, og endurkoma Sigmundar Davíðs, var algjör. Persónufylgi hans náði eitt og sér að niðurlægja gamla flokkinn hans og ýta þeim nýja inn á þing sem fjórða stærsta flokki landsins.

Engar líkur voru hins vegar á því að Miðflokkurinn næði inn í ríkisstjórn. Frjálslyndu miðjuflokkarnir Samfylking, Viðreisn og Píratar, voru aldrei að fara að starfa með þeim. Það voru Vinstri græn ekki heldur og Sjálfstæðisflokkurinn virkaði heldur ekki sérstaklega spennur fyrir því að endurvekja kynnin við Sigmundur Davíð á þessum tíma.

Flokkurinn settist því í stjórnarandstöðu sem næststærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og hóf að móta innra starf sitt.

Varðmenn fullveldis

Á fyrsta landsþingi flokksins sem haldið var fyrir tæpu ári síðan glitti meira í hvar flokkurinn ætlaði að staðsetja sig. Allt myndmál og orðræða sýndi að þjóðernislegar áherslur yrðu ofarlega á baugi, að alþjóðasamstarf yrði tortryggt og að mörg af gömlum málum Sigmundar Davíðs frá tíma hans í Framsóknarflokki sem gáfu vel yrðu endurnýtt. Helsta baráttumálið yrði að verja fullveldi Íslands og lýðveldið með því að færa völdin frá embættismönnum til sterkra leiðtoga sem hefðu hið raunverulega lýðræðislega umboð.

EDGE BY HAMMEL

Skapaðu þinn eigin stíl með Edge skápaeyningunum frá Hammel. Ótal möguleikar á uppþöðun og útfærslum. Þú velur hvort þú hengir skápana upp á vegg eða setur fætur undir. Nokkrir litir og lita-samsetningar í boði. Dönsk hönnun og framleiðsla.





LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

patagonia®
ER KOMIÐ!



FYLGIR ÞÉR ALLA LEIÐ

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is  



kjarninn

FRÉTTASKÝRING

Sigmundur Davíð sjálfur hefur farið mikinn síðustu vikur. Hann sagði í viðtali við Útvarp Sögu fyrir rúmum mánuði að ýmislegt benti til þess að djúpríki stjórnari á Íslandi bakvið tjöldin. Embættismannakerfið hefði tekið völdin af ráðherrum og nefndi aflandskrónuvarpið sem dæmi um það.

Á vetrarfundi Miðflokksins um síðustu helgi var svo samþykkt stjórn málaályktun sem gaf mjög skýrt til kynna hvert flokkurinn ætlar að stefna í sinni pólitík.

Þar kom fram að flokkurinn vilji þjóðlegar áherslur og að hann hafni með öllu þriðja orkupakkanum. Að horfið verði frá innflutningi á ófrosnu kjöti og eggjum, sem dómstólar hafa þegar sagt að sé brot á alþjóðasamningum. Að afnema eigi verðtryggingu húsnæðislána án þess að tilgreint sé hvernig eigi að gera það. „Miðflokkurinn vill standa vörð um menningu og arfleifð þjóðarinnar,“ stóð neðst í ályktuninni.

Sigmundur Davíð sagði í ræðu sinni á fundinum að þriðji orkupakkinn væri „stórhættulegur“ og hann sé eitt „tannhjól kerfisins“ sem Miðflokkurinn vilji berjast gegn. Flokkurinn hafir þá stefnu að ráða eigin örlögum en ekki láta það í hendur andlitslausra stofnanna úti í heimi.

Fyrir liggur að þessi stefna á sér stuðningsmenn hérlandis. Þrátt fyrir Panamaskjölin, allar samsæriskeningarnar og Klausturmálið þá er Miðflokkurinn að ná vopnum sínum að nýju samkvæmt könnunum. Í síðasta Þjóðarpólssi Gallup mældist fylgi hans níu prósent, eða jafnmikið og fylgi Framsóknarflokksins.

”

Hann sagði í viðtali við Útvarp Sögu fyrir rúmum mánuði að ýmislegt benti til þess að djúpríki stjórnari á Íslandi bakvið tjöldin. Embættismannakerfið hefði tekið völdin af ráðherrum og nefndi aflandskrónuvarpið sem dæmi um það.

Virðist geta staðið flest allt af sér

■ Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er án efa umdeildasti stjórnmálamaður samtímans. Hann kom mjög ungur inn í stjórnmál þegar hann var kjörinn formaður Framsóknarflokksins á skrautlegan hátt í byrjun árs 2009. Hann hafði skráð sig í flokkinn tveimur vikum áður en flokksþingið fór fram. Upphaflega var greint frá því að Höskuldur Þórhallsson hefði verið kjörinn formaður Framsóknarflokksins þar en síðar reyndist talning hafa verið röng og var tilkynnt um að Sigmundur Davíð væri réttkjörinn formaður. Hann vantaði þá enn tvo mánuði í að vera 34 ára gamall.

Fjórum árum síðar var hann orðinn yngsti forsætisráðherra lýðveldissögunnar eftir mikinn kosningasigur Framsóknarflokksins í apríl 2013.

Sigmundur Davíð sagði af sér því embætti 5. apríl 2016 eftir að Panamaskjölin höfðu opinberað hann sem eiganda aflandsfélagsins Wintris og kröfuhafa í bú föllnu bankanna sem ríkisstjórn hans hafði verið að semja við. Viðtal þar sem Sigmundur Davíð sagði ósatt þegar hann var spurður út í Wintris fór sem eldur um sinu út um allan heim. Daginn áður en hann sagði af sér fóru fram fjölmennustu mótmæli Íslandssögunnar á Austurvelli þegar 26 þúsund manns mótmæltu Sigmundi Davíð, öðrum ráðherrum sem voru í Panamaskjölunum og ríkisstjórninni sem þeir sátu í.

Í könnun Félagsvísindastofnunar sem gerð var á þeim tíma sem leið frá því að sérstakur Kastljós-þáttur um skjölin var sýndur og þar til Sigmundur Davíð steig til hliðar kom fram að 78 prósent landsmanna vildi að hann myndi segja af sér.

Þetta var ekki staða sem margir stjórnmálamenn hefðu snúið aftur úr.

Eftir nokkurra mánaða frí vildi Sigmundur Davíð, þá enn formaður Framsóknarflokksins, taka aftur við stjórnartaumunum. Hann var sannfærður um að vera fórnarlamb samsæris og að hann hefði ekki gert neitt rangt. Síðar opinberaði Kjarninn að Wintris hefði ekki greitt skatta í samræmi við lög og reglur og óskað eftir því að fá að gera þá rétt upp við skattayfirvöld.


Sigmundur Davíð tapaði svo í formannslag við Sigurð Inga Jóhannsson í

Framsóknarflokknunum í aðdraganda kosninganna 2016 og sat í nokkurs konar sjálfskipaðri útlægð sem þingmaður flokksins næsta tæpa árið. Á þeim tíma tók hann lítinn þátt í þingstörfum en einbeitti sér að því að stofna Framfarafélagið, vettvang utan um hugmyndir hans sem stjórnmálamanns sem átti að nýstast til að fleyta honum aftur til valda innan Framsóknarflokksins.

Þegar kosningar skulu skyndilega á haustið 2017 breyttust þau áform. Sigmundur Davíð og nokkrir tryggir fylgismenn gengu úr Framsóknarflokknunum, stofnuðu Miðflokkinn og buðu fram út um allt land. Einu og hálfu ári eftir Panamaskjölin vann hann kosningasigur.

Þegar Klausturmálið kom upp voru áhrifin ekki ósvipuð og eftir Panamaskjalahneykslið. Í könnun sem birt var 3. desember 2018 kom fram að á milli 74 og 91 prósent Íslendinga er hlynnt afsögn alþingismannanna sex. Flestum fannst að Gunnar Bragi ætti að segja af sér en næstum jafnháu hlutfalli fannst að Bergþór ætti einnig að gera það. Þá töldu 86 prósent landsmanna að Sigmundur Davíð ætti að víkja.

Þessa stöðu virðast Miðflokksmenn nú hafa staðið af sér.



Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um sparnað og verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sparnaður.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



SSANGYONG REXTON

STAÐFESTIR YFIRBURÐIR!

+ Jeppi ársins 2018 + Bestu kaupin 2019 + „Offroad-bíll“ ársins 2018

Hinn margverðlaunaði SsangYong Rexton hefur hlotið fádæma góðar viðtökur hérlandis sem erlendis. Á vefsíðu okkar má finna umfjallanir bílagagnrýnenda sem reynsluekið hafa bílnum. Er ekki komið að þér að reynsluaka?

„Frábærlega vel búinn bíll með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með flotta innréttingu.“ **Finnur Thorlacius – Fréttablaðið**

„Ökutæki sem er hlaðið búnaði, meiri búnaði en hægt er að telja upp og ég hef það á tilfinningunni að það vanti nánast ekki neitt. Bíllinn er með flottar innréttingar og er eins og hugur manns í akstri.“ **Jóhannes Reykdal – Bíllinn.is**

„Bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í 300 km.“ **Hjörtur L. Jónsson – Bændablaðið**

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega og yfirbragðið og efnisvalið innadyra allt eins og í mun dýrara farartæki.“ **Sigríður Vilhjálmsdóttir – Morgunblaðið**



Bíllinn er mynduð og textablaðið.

5

Fimm ára ábyrgð

GPS

Leiðsögukerfi

3.000 kg
dráttargeta

Millikassi með
læsingu og
lágu drifi

Millikassi með
læsingu og
lágu drifi

Byggður á grind
og með háu og
lágu drifi

Byggður á grind
og með háu og
lágu drifi

 **SSANGYONG**

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

benni.is

**Bíllitá
Benna**



Viðtalið

AGNES SIGURÐARDÓTTIR



„Við eigum að vera í góða liðinu“

Biskup Íslands hefur áhyggjur af upprisu afla sem ala á ótta gagnvart innflytjendum og minnihlutahópum. Sjálf hefur hún skipað sér og kirkjunni í það lið sem berst gegn slíkum málflutningi með því að breiða út kærleik og virðingu.

Texti / Magnús Geir Eyjólfsson

Myndir / Hallur Karlsson

Förðun / Helga Sæunn Þorkelsdóttir, alþjóðlegur förðunarfræðingur Lancôme á Íslandi

Frú Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, heimsótti á dögnum mosku múslíma í Skógarhlíð. Heimsóknin var söguleg því þetta var í fyrsta skipti sem biskup heimsækir mosku á íslenskri grundu. Skömmu áður hafði sést til hennar á Austurvelli þar sem hælisleitendur höfðu safnast saman í von um að fá áheyrn ráðamanna. Þótt framgöngu Agnesar hafi almennt verið vel tekið mátti þó heyra gagnrýnisráddir, meðal annars úr söllum Alþingis. Agnes gefur lítið fyrir slíkar úrtöluraddir og segir samtal einu leiðina til að byggja brú á milli ólíkra menningarhópa. Þetta samtal, þar sem kirkjan er virkur þátttakandi, sé sérstaklega mikilvægt nú þegar upp rísa öfl sem nota óttann til að reka fleyg á milli ólíkra þjóðfélags hópa.

Múslimar vilja vera góðir samfélagsþegnar

„Það var gaman að koma þarna og einstaklega vel tekið á móti okkur og ýmislegt sem kom mér kannski á óvart. Maður upplifði að maður væri komin inn í veröld sem væri manni ekki mjög þekkt, til dæmis fengum við te og arabískar kökur sem maður fær ekki á hverjum degi,“ segir Agnes um móttökurnar sem hún fékk í Skógarhlíð. Tilefnið var heimsókn forseta vettvangs múslíma í Evrópu, Abdul-Vakhed Niyzov, þar sem meðal annars var rætt um mikilvægi friðar og aðgerða í kjölfar atburðanna hræðilegu í Christchurch í Nýja-Sjálandi þann 15. mars þegar vopnaður maður réðst á tvær moskur og myrti 50 saklausa borgara. Agnes segir að það hafi verið hennar val að fundurinn fór fram í moskunni. „Mér var boðið að koma í moskuna en þeir sögðust líka geta komið til mín eða hitt mig annars staðar í bænum. Karim [Askari, forstöðumaður moskunnar í Skógarhlíð] hafði áður boðið mér í heimsókn og ég vildi bara þiggja boð hans um að koma á hans heimastöðvar.“

Þar var Agnesi tekið með virktum og hjó hún sérstaklega eftir því að henni var heilsað með handabandi við komuna, eitthvað sem hún hefur ekki alltaf upplifað í samskiptum hennar við múslíma. Og það voru fleiri minnisstæð atriði í heimsókninni. „Þarna var ein kona með slæðu sem sat við hliðina á mér. Maður hefur svo sem hitt múslimakonur áður en mér fannst svo gaman að fá að sitja með henni í skjóli vináttunnar. Hún fæddist í Sírlandi og ég á Íslandi og þess vegna er ég eins og ég er og hún eins og hún er. Svo fannst mér svo gaman að sjá þegar ég fór út, að þegar þessi kona og hennar maður voru að fara af bílastæðinu á sínum bíl og hver keyrði? Það var konan sem sat undir stýri. Þetta er einhvern veginn ekki sú mynd sem birtist manni í fjölmiðlum en þetta segir manni að hvort sem fólk er múslimar, kristið, hindúar, búddistar eða hvað sem er, við erum öll fólk sem lifum í því samfélagi sem við erum í og göngum fram sem slík.“



Agnes leggur áherslu á að samtal sé besta tækið til að rjúfa múra og eyða fordómum. Þess vegna sé samráðsveitvangur trúarbragðanna, sem starfræktur hefur verið síðan 2006, svo mikilvægur. Þar sameinast ólíkir fulltrúar trúarbragðanna um það sem sameinar en ekki það sem sundrar. „Ég upplifði það mjög sterkt í moskunnni að múslimar hafa einlægán vilja til þess að vera góðir samfélagsþegnar í því samfélagi þar sem þeir búa hverju sinni. Þeir sem búa á Íslandi vilja verða Íslendingar og lifa hér sem slíkir, ala börnin sín upp sem Íslendinga og eru ekki að reyna að breyta neinu. En auðvitað er það þannig í öllum samfélögum að breytingar eiga sér stað með hverri kynslóð og allar manneskjur hafa einhver áhrif einhvers staðar á einhvern, þess vegna verður þessi þróun.“

Það er ekki nóg að tala

Mótmæli hælisleitenda á Austurvelli um miðjan marsmánuð vöktu mikla athygli en þau voru líka umdeild. Til rýsinga kom á milli mótmælenda og lögreglu og á samfélagsmiðlum mátti greina talsverða vandlætingu á framferði hælisleitenda. En þeir voru líka margir sem tóku undir málstað þeirra, meðal annars um slæman aðbúnað þeirra og afskiptaleysi stjórnvalda. Agnes tilheyrir þeim hópi. „Ég lít þannig á náungann að ég elska náungann. Ég elska Guð, náungann og sjálfa mig í þessari röð. Náungi minn eru allar manneskjur og sérstaklega þær manneskjur sem þarfnast hjálpar. Þjóðkirkjan hefur, eins og aðrar kirkjur á Vesturlöndum, látið til sín taka varðandi þessi málefni hælisleitenda vegna þess að við lítum ekki á hælisleitendur sem hælisleitendur, við lítum á þá sem fólk. Hælisleitendur eru bara fólk eins og við en flestir þeirra hafa upplifað miklu erfiðari lífsreynslu en við flest hér á Íslandi vegna þess að þau hafa þurft að flýja sitt land, flýja frá ófriði. Þau eru að sækjast eftir friði og þau eru að sækjast eftir mannréttindum. Þetta vil ég styðja.“

Agnes bætir við að hluti þess fólks sem hafi verið á Austurvelli hafi nýtt sér þjónustu kirkjunnar. „Ég fór niður á Austurvöll því það er ekki nóg að tala, það verður líka að fylgja því eftir sem maður er að segja. Maður verður að lifa í samræmi við boðun sína. Það er ég að reyna að gera, meðal annars með því að vera nærverandi í eigin skinni á Austurvelli til að sýna að mér er ekki sama um þau og hjálpa þeim að ná áheyrn. Af því að þau langar til að tala við þau sem hér ráða og búa til lögin fyrir okkur. Það er nú bara þannig að eftir sem heyrir herra í manni er meiri von til að á mann sé hlustað. Það að opna Dómkirkjuna fyrir öllu fólk, líka fyrir hælisleitendum, er bara í anda frelsarans.“

Ósmekklek ummæli á þingi

Það voru ekki allir sáttir við að kirkjan hafi verið opin hælisleitendum og slíka vandlætingu mátti meðal annars greina í sölum Alþingis. Þingmaður Miðflokksins, Ólafur Ísleifsson, fór þar fremstur í flokki. Talaði hann um „tjaldbúðir“ hælisleitenda á Austurvelli og að æðstu menn þjóðkirkjunnar hafi staðið fyrir því að breyta Dómkirkjunni í „almenningsnáðhús“ um leið og hann furðaði sig á nærveru æðstu manna þjóðkirkjunnar á Austurvelli.

Agnes hefur ekki miklar áhyggjur af slíkum gagnrýnisröddum. „Það er nú þannig að engin manneskja getur stjórnað annarri og maður á nú nóg með að stjórna sjálfum sér þannig að ég ræð svo sem ekki viðbrögðum fólks eða hugsunum og því síður skoðunum. Við búum í frjálsum landi, sem betur fer, og það er öllum frjálst að hafa sína skoðun svo framarlega sem hún meiðir ekki annað fólk,“ segir hún og bætir við: „Menn hafa sínar skoðanir og ef það má láta allar skoðanir í ljós á þingi þá hljóta

þingmenn að hafa leyfi til þess. En mér finnst þetta frekar ósmekklegt. Það er hægt að nálgast öll mál á mismunandi máta, maður getur verið jákvæður og neikvæður og alls konar en mér fannst þessi umræða frekar í neikvæðari kantinum. Við opnum kirkjurnar fyrir fólkinu okkar og hjálpum hælisleitendum vegna þess að við erum kristin, ekki vegna þess að þau eru kristin.“

Að mati Agnesar mótast umræðan um innflytjendur og hælisleitendur að miklu leyti af ótta, hræðslu gagnvart hinu óþekkta. „Við erum hrædd við það sem við þekkjum ekki. Hvað getur hjálpað okkur í þeirri stöðu ef við þekkjum ekki hlutina? Við þurfum að kynnast þeim til þess að verða ekki hrædd. Við megum ekki láta óttann stjórna okkur. Óttinn getur haft þau áhrif á okkur að við önum ekki áfram í einhverjum glannaskap en hann má ekki stjórna lífi okkar. Hvernig er það með fólk sem er alltaf hrætt? Því líður ekki vel. Þannig að ég held að eina og besta leiðin sé samtal. Þess vegna fór ég í moskuna og þess vegna reyndi ég með nærveru minni á Austurvelli að sýna að ég vil að þeir sem fara með lögin og reglurnar, fólki á þinginu, að það komi út úr húsinu og tali saman. Að það heyri frá fyrstu hendi sögur þeirra og hvað þau eru að biðja um. Múslimar vilja, eins og ég sagði áðan, vera góðir samfélagsþegnar og ég sé ekki betur en að þetta sé bara fólk eins og ég og þú. Þetta er bara fólk sem þráir að lifa í friðsömu landi þar sem mannréttindi eru virt, þar sem er borin virðing fyrir manneskjunnni eins og hún er, alveg sama af hvaða kyni hún er, hver kynhneigð hennar er, hverrar trúar hún er og svo framvegis.“

Trump og hans líkar tala ekki í nafni Guðs

En óttinn er víðar en á Íslandi. Víðs vegar um heiminn hafa risið upp stjórnálamenn sem hafa komist til valda með því að ala á ótta gagnvart tilteknum þjóðfélagshópum. Fremstur þar í flokki fer Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, en einnig má nefna menn eins og Viktor Orban í Ungverjalandi, Erdogan í Tyrklandi, Jair Bolsonaro í Brasilíu og svo mætti áfram telja. Agnes segist

vissulega hafa áhyggjur af þessari þróun. „Óttinn er stjórnæki og Bandaríkjaforseti virðist nota hann sem slíkt. Að gera fólk óttaslegið og hrætt þannig að það þori ekki annað en að fara eftir því sem hann segir. Ótti, og reyndar fýla líka, eru að mínum dómi bestu stjórnæki veraldar. Þetta eru samt neikvæð stjórnæki, ekki jákvæð, og þau búa til verri heim og meiri vanlíðan hjá fólk. Auðvitað breiðist þetta út því þetta er svo öflugt stjórnæki. Þetta er stórhættulegt og leiðir bara til eins. Þetta leiðir bara til vanlíðunar, ófriðar, þetta leiðir til vanvirðingar við allt líf á jörðinni og þarna er Guð ekki með í verki. Það er ekki verið að hlusta á hvað Guð vill.“

En það er nú samt þannig að margir þessara leiðtoga segjast einmitt tala í nafni Guðs.

„Ég trúir því ekki,“ segir Agnes ákveðin. „Fyrir mér er Guð kærleiksríkur guð sem elskar allar manneskjur eins og þær eru og sáir ekki neinum illvilja í brjóst nokkurs manns. En það eru önnur öfl í heiminum sem eru að því og við berjumst gegn þeim af öllu afli. Við eigum að vera í góða liðinu en ekki hinu vonða.“

„Ég skil ekki svona reglur“

Á dögnum greindu fjölmiðlar frá máli sýrlenskrar konu sem hafði flúið stríðsátök í Sýrlandi og komist í öruggt skjól undir verndarvæng KFUM og KFUK. Hún missti eiginmann sinn í stríðinu og neyddist til að skilja börnin eftir í Sýrlandi og hafði gengið í gegnum miklar raunir bæði á flóttanum og í Grikklandi þar sem hún steig fyrst á land í Evrópu. Hafði henni meðal annars verið hótað lífláti vegna þess að hún hafði tekið upp kristna trú. Konunni vegnaði afar vel á Íslandi, hún hafði starfað um skeið á leikskólanum Vinagarði þar sem hún var afar vel liðin af börnum, foreldrum og samstarfsfólki. En skyndilega var fótunum kippt undan henni þegar íslensk stjórnvöld höfnuðu því að taka umsókn hennar um alþjóðlega vernd til efnismeðferðar. Konunni var vísað úr landi á grundvelli Dyflingnarreglugerðarinnar og hún send til Grikklands sem stjórnvöld álíta öruggt ríki fyrir flóttamenn.



„Ég upplifði það mjög sterkt í moskunnni að múslimar hafa einlægán vilja til þess að vera góðir samfélagsþegnar í því samfélagi þar sem þeir búa hverju sinni. Þeir sem búa á Íslandi vilja verða Íslendingar og lifa hér sem slíkir...“

„Ég fór niður á Austurvöll því það er ekki nóg að tala, það verður líka að fylgja því eftir sem maður er að segja,“ segir biskup.



ALVEG NÝR FORD FOCUS



MARKAR NÝJA TÍMA!

Nýr Ford Focus markar nýja tíma hvað varðar tækni, þægindi, innra rými og akstursupplifun í sínum flokki fólksbíla. Hann hefur fengið frábæra dóma um allan heim.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- 16" Trend Edition álfelgur
- Brekkuaðstoð
- LED dagljós með birtuskynjara
- Hraðatakmarkari
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Apple CarPlay og Android Auto
- 6,5" snertiskjár
- Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport)
- Ofnæmisprófuð efni í innréttingu
- My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hjóðstyrk hljómtækja ofl.)
- Samlit vindskeið að aftan (5 dyra)
- Easy fuel eldsneytisfylling án loks
- TC spólvörn

VERÐ FRÁ AÐEINS: 3.190.000 KR.

Einnig fáanlegur sjálfskiptur og station



*Ford tekur þig lengra
Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



Biskupi er sjáanlega mikið niðri fyrir þegar hún er spurð út í þetta mál. „Ég auðvitað virði það að menn vinni vinnuna sína. Ef menn eru að fara eftir lögum og reglum, þá verður svo að vera. En ég held hins vegar að þetta sé ósættanleg staða, að það sé verið að vísa fólki úr okkar stóra landi þar sem við höfum nóg pláss fyrir alla til að lifa góðu lífi. Ég skil ekki svona reglur, af hverju það þurfi að vísa í burtu góðu fólki sem hefur ekkert gert nema gott. Það er ekki svo að þessi kona hafi verið einhver glæpamaður, hryðjuverkamaður eða eitthvað slíkt. Þetta er bara góð manneskja sem vann með börnum og öllum líkar vel við – börnum, samstarfsfólki og foreldrum. Af hverju má hún ekki vera hérna? Ég hef ekki skilning á því. Mér finnst þetta ekki gott og ég myndi vilja að reglurnar yrðu rýmkaðar þannig að fleiri ættu þess kost að vera hérna. Það er hræðilegt þegar er verið að senda fólk úr landi út í einhverja óvissu,“ segir Agnes sem óttast um velferð konunnar úti í Grikklandi. „Hvað getur hún gert þar? Það er ekkert fyrir hana að hafa þar. Vonandi býr hún þar við frið en hún fær ekki vinnu og verður einhvers staðar að finna húsaskjól. Þetta hafði hún allt hér – hún hafði vinnu, húsaskjól og hún hafði allt sem hún þurfti.“

Ísland þarf að leggja meira af mörkum

Biskup segir þetta mál vekja upp spurningar um siðferðislega afstöðu gagnvart flóttafólki almennt. „Af hverju ættum við Íslendingar ekki að geta tekið á móti fólki á flótta alveg eins og aðrar þjóðir í Evrópu þurfa að gera. Af hverju eiga alltaf einhverjir aðrir að fást við vandann? Þurfum við ekki að leggja líka eitthvað af mörkum til að fást við þann vanda sem heimurinn glímur við? Það er talað um í sambandi við loftlagsmálin að það gæti komið til þess að það verði óbyggilegt í sumum löndum og þá fer fólkið meira hingað norður. Hvað ætlum við þá að gera? Ætlum við bara að segja: „Nei, nei, við tökum ekki á móti ykkur, við höfum það svo gott hérna og við viljum ekki bæta við. Við eigum nóg með að sinna þeim sem eru hér.“

Um leið og hlúa þarf betur að flóttafólki á Íslandi segir biskup að brýn þörf sé að standa vörð um réttindi kristinna úti í heimi. Víða um heim, meðal annars í Sírlandi og nálægum ríkjum, sé kristið fólk ofsótt vegna trúar sinnar. „Það er ósættanlegt að vita af því að kristið fólk sé ofsótt fyrir trú sína árið 2019. Við vitum hvernig þetta var í upphafi, við getum lesið um það í postulasögunni og kirkjusögunni, að kristnir menn voru ofsóttir og enn er fólk ofsótt fyrir trú sína, til dæmis í Sírlandi og fleiri löndum. Það er líka eitthvað sem við verðum að vita af og leggja okkur fram um að breyta því. Það gerist bara með samtali og engu öðru.“

Ætla aldrei að hætta að predika

Talið berst að stöðu Þjóðkirkjunnar sem óhætt er að segja að hafi þurft að berjast á mörgum vígstöðvum undanfarnin ár. Kallað hefur verið eftir aðskilnaði ríkis og kirkju, fjármál kirkjunnar eru jafnan undir smásjá fjölmiðla og almennings og það er staðreynd að hlutfall þeirra Íslendinga sem skráðir eru í Þjóðkirkjuna hefur farið ört minnkandi. Þannig eru nú 60 prósent Íslendinga skráðir í Þjóðkirkjuna samanborið við 90 prósent undir lok síðustu aldar. Margir hafa líka efast um erindi Þjóðkirkjunnar í nútíma veraldlegu samfélagi. Eitt slíkt dæmi er þegar Alþingi kallaði eftir umsögn kirkjunnar um frumvarp heilbrigðisráðherra um fóstureyðingar en þá var gagnrýnt að kirkjan hafi

verið yfirhöfuð spurð álits. Agnes kannast við þessa umræðu.

„En málið er að kirkjunni kemur allt við sem við kemur mannlífinu. Það er bara þannig. Hver á að segja til um hvað öðrum kemur við eða ekki. Kirkjunni kemur bara allt við sem við kemur mannlífinu. Ég frekar en aðrar manneskjur ræð því ekki hvernig fólk hugsar eða ber ábyrgð á því sem hver og einn segir. Við ráðum ekki yfir skoðunum annarra og hver er ég að ætla að fara að segja öðrum hvaða skoðanir það á að hafa. En ég ætla samt aldrei að hætta að predika, segja frá því góða erindi sem kirkjan flytur um kærleika og guð sem elskar okkur og við eigum að elska og hvert annað. Í elskunni felst líka virðingin og að við séum traustsins verð. Þjóðkirkjan á, að mínum dómi, fyrst og fremst að halda áfram að boða orðið, að vera glöð með að flytja fagnaðarerindið og minna sig á það á hverjum degi að því fylgir ábyrgð og það er krafa um að vanda sig og vera fagleg.“

En það er vissulega búið að setja kirkjunni skorður til að breiða út þetta fagnaðarerindi. Það eru til dæmis sveitarfélög sem hafa tilkynnt henni að nærveru hennar í skólum sé ekki óskað og skólabörnum hefur verið meinað að fara í kirkjuheimsóknir.

„Það er einmitt þessi hræðsla sem fylgir því. Ekki eru það múslimarnir sem segja að börnin megi ekki fara í kirkjuna. Nei, það eru ekki þeir. Ekki er það Þjóðkirkjufólkið, hvítasunnnumennirnir eða kaþólikkarnir. Ég veit ekki með hindúna, búddista og gyðinga, ég held ekki. Það eru þeir sem skilgreina sig með enga trú sem hafa á móti því að börnin fari í kirkjuna. Þetta byggist á þeirra skoðun á trú væntanlega og það ber að virða. En á grundvelli einhvers ótta eða hræðslu, eins og mér finnst þetta vera, þá á ekki að byggja á boðum og bönnum. Og það finnst mér að þeir sem ráða til dæmis hér í borginni hafa gert. Úti á landi þar sem allir þekkja alla er minni hræðsla af því að hér í Reykjavík, nú talar landsbyggðarkonan, fáum við svo mikið fréttirnar í gegnum fjölmiðlana. Fjölmiðlarnir fjalla um allt annað en almenningur talar um sín á milli um það hvað gerist í daglegu lífi. Þar er oft og tíðum alið á hræðslunni, að mínum dómi.“

Þjóðkirkjan er framsækin stofnun

Íslenskt samfélag hefur tekið örur breytingum á undanförunum árum og hefur kirkjan þurft að aðlagast þeim. Ekki eingöngu hefur hlutfall innflytjenda aukist umtalsvert samhliða gríðarlegri fjölgun ferðamanna, heldur hefur einnig verið opnað á umræðu um annars konar samfélagsmál. Rétt eins og með málefni flóttamanna segir Agnes að lykillinn að opnu og kærleiksríku samfélagi sé samtalið. „Nú eru ekki kynin bara karl og kona, það eru fleiri kyn komin og maður er settur í það að þurfa að fara að kynna sér þetta til að skilja þetta. Af því að við lítum á allar manneskjur jafnt þurfum við að skilja þessa breytingu sem er orðin.“

Að mati Agnesar hefur íslenska Þjóðkirkjan, þrátt fyrir að hún hafi yfir sér það yfirbragð að hún sé gamaldags og svífasein stofnun, verið mjög framsækin. Það sýni til dæmis afstaðan til hjónabanda samkynhneigðra. „Íslenska kirkjan var fyrsta kirkjan sem viðurkenndi hjónaband samkynhneigðra. Það gleymist mjög oft. Kirkjan ákvað, fyrir minn tíma reyndar, að rannsaka ritningarnar og kanna hvað bókin segir um þetta málefni og að því loknu var samþykkt að prestar væru vígslumenn samkvæmt hjúskaparlögnum. Þegar ég var unglingur vissi maður nánast ekki hvað þetta var. En þegar börnin mín voru unglingar var talað um þetta eins og að þetta væri svo sjálfsagður hlutur, sem það er. Þetta bara var og er svona. Alla vega núna er það þannig að ég spyr ekki fólk þegar ég vígi það til prests hver kynhneigð þess er. Dettur það ekki í hug. Þetta eru bara manneskjur fyrir mér sem Guð elskar og þá ber mér líka að gera það.“

Við megum ekki hrynja

Agnes hefur setið á biskupsstóli frá árinu 2012. Aðspurð hvort hún segist vera farin að velta því



„Óttinn er stjórnþæki og Bandaríkjaforseti virðist nota hann sem slíkt. Að gera fólk óttaslegið og hrætt þannig að það þori ekki annað en að fara eftir því sem hann segir. Ótti, og reyndar fjla líka, eru að mínum dómi bestu stjórnþæki veraldar.“

fyrir sér hvenær hún stígur af stóli svarar hún: „Já, ég hef velt því fyrir mér. Þar til ég er búin að ljúka því sem ég ætla mér að gera. Ég er 64 ára dag og má sitja sex ár í viðbót og ég vona að mér takist að klára þetta innan sex ára.“ Eitt af því sem Agnes vill sjá ganga í gegn er sameining prestakalla sem á að skila sér í öflugra og faglegra kirkjustarfi. Nefnir hún sem dæmi sameiningu prestakalla á Austfjörðum úr fimm í eitt. „Þetta er mikið framfaraskref fyrir kirkjuna, að mínum dómi. Prestarnir verða áfram fimm en munu allir vinna saman, fólk getur valið prest til athafna og það verður hægt að velja inn í hópinn presta með mismunandi styrkleika og þekkingu. Fagmennskan verður þar af leiðandi meiri. Þetta verður að klárast áður en ég hætti, til dæmis.“

Þess á milli segist Agnes munu halda áfram að breiða út fagnaðarerindið þar sem þrjú lykilhugtök eru höfð að leiðarljósi. „Virðing, kærleikur og traust. Þetta eru grunnstoðir í mannlífinu. Þetta eru orðin sem vígslumaðurinn í kirkjunni notar þegar fólk giftir sig, þetta eru þrjár undirstöður sem eru samofnar. Ef við hættum að bera virðingu þá erum við búin að minnka traustið og komum ekki fram á kærleiksríkan hátt. Ef við komum ekki fram á kærleiksríkan hátt sýnum við vanvirðingu og þá er ekki hægt að treysta manni, og svo framvegis. Það er líka annað í þessum samtíma að það er svo margt að gerast, það eru svo mörg tilboðin í gangi að við missum sjónar á því sem mestu skiptir. Á hverju ætlum við að byggja líf okkar? Þetta er bara eins og að byggja hús, við verðum að byggja á traustum grunni svo að húsið geti risið. Það er eins og með þetta hús hér, það er verið að sprengja við Landspítalann og húsið hristist stundum. En húsið stendur. Þannig er lífið líka, það er ýmislegt sem skekur líf okkar eins og til dæmis þegar verið er að breiða út óttann. Það er verið að skekja líf okkar, hrista það til. En ef við stöndum á þessum fasta grunni hrynjum við ekki. Við megum ekki hrynja.“



VALABLIS | TIL MEÐFERÐAR VIÐ FRUNSUM

- INNIHELDUR VALACÍKLÓVÍR
- ÓPARFI AÐ KOMA VIÐ SÝKT SVÆÐI
- TVEIR SKAMMTAR Á 12 TÍMUM
- FYRSTA LYFIÐ TIL INNTÖKU FÁANLEGT Í LAUSASÖLU
- EKKI SJÁANLEG MEÐFERÐ Á VÖRUM

Valablis 500 mg filmuhúðaðar töflur. Ábendingar: Valablis er notað til að meðhöndla frunsur hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega nýrnastarfsemi sem eru 18 ára og eldri og hafa áður verið greindir af lækni með áblástur (frunsur) og þurfa endurtekná meðferð vegna áblásturs. Lyfið virkar með því að drepa eða stöðva vöxt veira sem

kallast herpes simplex. Dagsetning endurskoðunar textans: 8. febrúar 2017. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

alvogen.is





Mun hatrið sigra?

Eftir / Roald Eyvindsson

Á Vesturlöndum stigmagnast nú áhyggjur af uppgangi öfgahópa sem kynda undir hatursorðræðu og hvetja til ofbeldis einkum gegn minnihlutahópum. Bandaríska alríkislögreglan hefur lýst yfir áhyggjum af ástandinu. Evrópulögreglan líka. Og eftir voðaverknaðinn í Christchurch á Nýja-Sjálandi, þar sem öfgaþjóðernissinni myrta 50 múslima með köldu blóði og særði aðra 50, hafa stjórnvöld í Ástralíu í hyggju að setja á lög sem gera samfélagsmiðla ábyrga fyrir efni sem birtist frá öfgasamtökum á miðlum þeirra. Með setningu laganna vonast þau til að koma í veg fyrir að hægt sé að beita samfélagsmiðlum til að hvetja fólk til ódæðisverka.



„Í ljósi þessa skýtur það skökku við að nú skuli liggja fyrir Alþingi Íslands frumvarp sem miðar að því að þrengja ákvæði í hegningarlögum um hatursorðræðu.“

Í ljósi þessa skýtur það skökku við að nú skuli liggja fyrir Alþingi Íslands frumvarp sem miðar að því að þrengja ákvæði í hegningarlögum um hatursorðræðu. Breyting sem hefur þær afleiðingar að erfiðara verður að dæma menn fyrir hatursorðræðu í garð annarra nema slík tjáning þyki beinlínis „til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun“. Sem m.ö.o. hefur þær afleiðingar að ekki verður lengur refsivert að lítillækka og niða minnihlutahópa á Íslandi.

Í því umróti og þeirri óvissu sem hefur umlukið Ísland og helstu atvinnugreinar þjóðarinnar síðustu vikur og mánuði má segja að þetta mál hafi ekki farið sérstaklega hátt í almennri umræðu, nánast fallið undir radarinn, ef svo má að orði komast.

Ýmis mannréttindasamtök hafa þó sett sig upp á móti frumvarpinu og bent á hvernig breytingin á umræddum lögum muni verða til þess að veða að öryggi þeirra hópa sem ákvæði laganna er einmitt ætlað að vernda. Að með þessari breytingu sé í raun verið að gefa veiðileyfi á hópa sem eru í viðkvæmri stöðu í samfélaginu.

Þá klóra sér ýmsir í hausnum yfir því að frumvarp sem leyfir aukna haturstjáningu skuli dúkka upp í kjölfar þess að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur haft fjölda hatursglæpa til rannsókna.

En furðulegast þykir þó sumum sú staðreynd að þetta frumvarp skuli koma úr ranni núverandi ríkisstjórnar. Ríkisstjórnar sem segist ekki aðeins hafa mannréttindi í hávegum heldur tekur fram í eigin stjórnarsáttmála að hún ætli að setja Ísland í fararbrodd þegar kemur að réttindum ýmissa minnihlutahópa. Hvernig þrenging ákvæðis um

hatursorðræðu kemur heim og saman við þetta markmið hennar er nefnilega ekki bara erfitt að sjá, það er með öllu óskiljanlegt. Enda gefur augaleið að mannréttindi og svigrúm til hatursorðræðu eiga enga sameið.

Það verður því áhugavert að sjá hvernig Allsherjar- og menntamálanefnd, sem hefur frumvarpið nú til skoðunar, bregst við. Hvort hún komi til með að hallast að þeim tvískunningshætti sem því miður virðist hafa loðað við vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli, eða hafni frumvarpinu og sýni þar með að vilji íslenskra stjórnálmanna til að virða mannréttindi er annað og meira en orðin tóm.



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Jóhannes Þór Skúlason

Hlúum að framtíðarlandinu

■ Að undanfögnu hefur mikið gengið á í íslenski ferðaþjónustu. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að umræðan snúist fyrst og fremst um áskoranir skammtímans, hvaða afleiðingar þær kunni að hafa og hvernig þurfi að bregðast við þeim. En það er mikilvægt að gleyma ekki sýninni til langs tíma. Allt sem við gerum í dag hefur áhrif inn í framtíðina.

Ferðaþjónusta verður áfram grundvallaratvinnugrein þjóðarinnar. Ferðamenn munu ekki hverfa eins og síldin þó að fjöldi þeirra sveiflist milli ára. Sú uppbygging sem hefur orðið um allt land með tilkomu ferðaþjónustunnar mun halda áfram. Hvers vegna?

Áfangastaðurinn Ísland er einfaldlega kominn á kortið sem ferðamannaland. Við búum yfir náttúru og menningu sem ferðamenn hafa áhuga á og reynslan hefur sýnt að slíkur áfangastaður á góða möguleika á að byggja upp sterka langtímaferðaþjónustu. Stóra tækifærið fyrir íslenska ferðaþjónustu, og mikilvægt tækifæri fyrir samfélagið allt, er að ná jafnvægi í greininni til framtíðar með um 3-5% fjölgun ferðamanna á ári, líkt og við sjáum í alþjóðlegum tölum um vöxt ferðamennsku. Sú framtíðarsýn mun byggja undir efnahagslegan

stöðugleika og bætt lífskjör allra í samfélaginu.

Sameiginleg sýn inn í framtíðina

Til þess að þessi sýn geti raungerst þarf að halda vel á spöðunum á næstu mánuðum og árum. Ferðaþjónustuaðilar hafa áður tekið á við sveiflur og munu leggja mikið á sig til að vinna úr þeim vanda á næstu mánuðum og árum. En það er einnig nauðsynlegt að mæta því höggi sem ferðaþjónustan hefur orðið fyrir af falli WOW air og verkfallsaðgerðum með skynsamlegum aðgerðum af hálfu opinberra aðila. Ferðaþjónustan hefur drifið lífskjarabætur undanfarinna ára með því að búa til forðæmalausar aðstæður í efnahagslífinu þar sem vöru- og þjónustujöfnuður hefur verið jákvæður um margra ára skeið. Það þýðir að íslenska hagkerfið hefur líkst því þýska meira en því gríska á undanfögnu árum sem hefur lagt grunninn að þeirri uppsveiflu og kaupmáttaraukningu sem við höfum upplifað á undanfögnu árum. Það er því skynsamleg ráðstöfun fyrir stjórnvöld að stíga inn og taka utan um atvinnugreinina með hvetjandi ráðstöfunum

nú þegar gefur harkalega á bátinn til að hún komist sem fyrst upp úr öldudalnum.

Það er mikilvægt fyrir allt samfélagið að það takist að stytta þann tíma sem tekur ferðaþjónustuna að vinna úr áföllunum, því sterk íslensk ferðaþjónusta er allra hagur. Það sést ekki síst á landsbyggðinni þar sem uppbygging atvinnutækifæra hefur tekið stakkaskiptum frá því sem áður var. Það er þróun sem er mikilvægt að haldi áfram og styðja þarf við. Styrkur ferðaþjónustu á landsbyggðinni er forsenda þess að við getum boðið ferðamönnum að upplifa einstaka náttúru landsins alls, byggt upp fleiri áfangastaði sem léttir álagið af vinsælustu stöðunum og færir fólkri verðmæti í heimabyggð.



Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Aðsendar greinar ásamt litmynd af höfundi sendist á ritstjorn@birtingur.is. Hámarkslengd texta er 450 orð.



SUGARBEARHAIR
www.regalo.is

Sugarbearhair
hárvítamin sem styrkir hár og neglur

Regalofagmenn

Þú finnur allt um mig og útsölastaði á www.regalo.is



Sleggjan



„Ég er bara orðin þreytt á þessari vitlesu.“

Bára Halldórsdóttir um samsæriskennningar Mið-flokksmanna.

„Ég kem sterkari út úr þessu.“



Kolbeinn Sigbórsson, eftir að hafa skrifa undir tveggja og hálfis árs samning við AIK í Svíþjóð, en samningi hans við franska liðið Nantes var rift í síðasta mánuði.

„Það virkar ekki þannig, svo ég segi það við háttvirtan þingmann og allan þingheim, að hið opinbera dragi upp ný flugfélög úr skúffunni þegar eitt flugfélag fer á hausinn.“



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segist ekki gefa mikið fyrir þann tón í fyrirsögnunum þingmanna á Alþingi á þá vegu að stjórnvöld hafi ekki verið búin að búa sig undir gjaldþrot WOW air.

„PLEASE! Ertu að djóka Sigmar? Farðu með þetta yfir á Facebook. Ertu ekki hvort sem er að fjalla um Sóleyju þar?“



Fjölmiðlamaðurinn Gísli Marteinn Baldursson blandar sér í deilur Sigmars Vilhjálmssonar og Sóleyjar Tómasdóttur á Twitter, sem hafa staðið yfir frá því að Sóley ýjaði að því að gjaldþrot WOW væri ofvöxnu egói Skúla Mogensen að kenna. Sigmar og Sóley hafa tekist hart á um innihald færslunnar og femínisma.



„Nú reynir á þá forystumenn í verkalyðshreyfingunni sem hafa bæði vit og ábyrgð að afstýra verkföllum og stórtjóni og semja. Allir tapa á verkföllum, það er löngu sannað. Það er alveg ótrúlegt að þetta sé að gerast á árinu 2019.“

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, áður en kjarasamningar voru í höfn.



„Það er bjart fram undan hjá okkur.“

Karl Garðarsson, framkvæmdastjóri Frjálsrar fjölmiðlunar, útgáfufélags DV, þvertækur fyrir að innanhússdeilur geisi á miðlinum eftir að aðalritstjórinn Kristján Kormákur Guðjónsson sagði upp.



„Viljum við geta talað við þurrkarann okkar og brauðristina á íslensku eða ætlum við að gera það á ensku eða þýsku? Það er erfitt að rífast við brauðrist á þýsku því hún hefur ákveðna yfirburði.“

Bragi Valdimar Skúlason segir mikilvægt að við hugum vel að íslenskunni.

„Ég verð bara að halda mig á mottunni.“



Jón Steinar Gunnlaugsson hét því að raka af sér yfirvararskeggið ef meira en milljón safnaðist til styrktar Mottumars. Það tókst ekki og er mottan því á sínum stað.



„Hverjum dettur í hug að selja pizzu á 3.490 kr.! Það eru 25 evrur! Fyrir pizzu!“

Gunnari Smára Egilssyni blóskrar verðlagið á íslenskum Dominospítsum.

Góð vika



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Þeir eru blessunarlega fleiri kandidatarinn í þennan dálk þessa vikuna en þá síðustu sem einkenndist af gjaldþroti og hópuppsögnum. Forráðamenn Icelandair fengu loks meðvind þegar bandarískur fjárfestingarsjóður keypti hlut í félaginu fyrir 5,6 milljarða króna. Flugfélagið fékk sömuleiðis tvær breiðþotur á leigu og afgreiddi sænskan flugdólg afar snyrtilega. En stóra málið er að sjálfsögðu kjarasamningarnir og þótt allir sem hlut áttu að máli eigi hrós skilið er niðurstaðan rós í hnappagat Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Það sýndi mikla stjórnsýsku hvernig hún afgreiddi málið Sigríðar Andersen og henni hefur nú tekist að afstýra ófriði á vinnumarkaði á versta mögulega tíma.

Slæm vika



Israel Martin, þjálfari Tindastóls í körfubolta

Við sækjum í heim íþróttanna því körfuboltalið Tindastóls frá Sauðárkróki bauð upp á eitt ævintýrlegasta klúður íslenskrar íþróttasögu þegar það var slegið út úr úrslitakeppni Dominos-deildarinnar af Þór frá Þorlákshöfn. Eftir að hafa komist í 2:0 í seríunni fór liðið gjörsamlega á taugum. Næstu tveir leikir töpuðust en liðið virtist hafa rankað við sér í hreinum úrslitaleik á Króknum, náði mest 23 stiga forystu og því aðeins formsatriði að klára dæmið. En allt liðið eins og það lagði sig fór á taugum og gerði röð mistaka á lokamínútum leiksins sem tapaðist með einu stigi. Við tökum að sjálfsögðu ekkert af mögnum þórsurum en það var hreinlega þínlegt að horfa upp á Stólana bráðna.

KIA Í SAMVINNU VIÐ FONTANA KYNNIR:

SKEMMTILEGASTA
HJÓLREIÐAKEPPNI ÁRSINS

KIA GULL 2019



31. ÁGÚST 2019

KIA
BRONS
48 KM

KIA
SILFUR
65 KM

KIA
GULL
106 KM

SKRÁNING HEFST LAUGARDAGINN 30. MARS KL. 13



f Kiagullhringurinn

Instagram Kiagullhringurinn

#kiagull

www.kiagullhringurinn.is





Gestgjafinn

FERÐALÖG



Umsjón og myndir /
Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir

Dallas

– þar sem stórir hlutir gerast

Dallas er borg sem kemur skemmtilega á óvart en flestir tengja hana við samnefnda þætti sem voru sýndir við miklar vinsældir á 9. áratug síðustu aldar. En borgin er svo miklu meira en Southfork-búgarðarðurinn sem var sögusvið þáttanna.

Dallas er í Texas-ríki sem er næststærsta ríkið í Bandaríkjunum en það liggur að sjó í suðri auk þess að eiga landamæri að Mexíkó sem það var reyndar lengi hluti af. Það var ekki fyrr en árið 1845 sem Texas sameinaðist Bandaríkjunum og ferðalangar finna fljótt fyrir nálægðinni við Mexíkó, hvort sem er í mat, drykk eða menningu. Texas er land í sjálfu sér en það er svolítið stærra en Frakkland að flatarmáli og því augljóst að þangað er hægt að koma mörgum sinnum og sjá alltaf eitthvað nýtt. Matargerðin er fjölbreytt en þó er kjöt í hávegum haft og steikurnar eru alvöru, grillaðar, reyktar, saltar og steiktar og þær eru stórar, mjög stórar. Einnig er þar svokölluð texmex-matargerð sem er sambland af mexíkóskri og Texas-matargerð.

Vingjarnlegt viðmót


Heimamenn segja að Dallas sé borg sem kemur sífellt á óvart, hún fylli fólk einhverjum krafti þar sem stórir hlutir gerast eða eins og þeir segja „big things happen in Dallas“. Þegar ég keyri frá flugvælinum inn í borgina tek ég fyrst eftir því hversu hrein hún er og víða eru háhýsin skreytt með seríum og blikkandi ljósum sem gefur vísbendingu um einhvern kraft. Dallas er níunda stærsta borgin í Bandaríkjunum og einn merkasti og jafnframt sorglegasti atburður í sögu Bandaríkjanna gerðist einmitt þar en það var morðið á John F. Kennedy. Margt áhugavert og skemmtilegt er hægt að gera í Dallas, fara á söfn, versla, borða, ganga um hin fjölbreyttu hverfi og drekka í sig menninguna og spjalla við heimamenn sem eru sérlega opnir og vingjarnlegir. Auðvelt er að komast til Dallas frá Íslandi þar sem American Airlines flýgur beint frá Keflavík frá og með 5. maí til 26. október samkvæmt vef Isavia.



Þetta verða allir að gera sem koma til Dallas

Sixth floor museum – safn tileinkað John F. Kennedy

Einstaklega vel gert og áhugavert safn um Kennedy sem er staðsett á 6. hæð byggingarinnar þar sem Oswald er talinn hafa verið þegar hann skaut forsetann. Fyrsti hluti safnsins er tileinkaður ferli Kennedys og síðan er morðinu á forsetanum lýst í máli og myndum þar sem atburðurum er skipað í tímaröð. Einnig er fjallað ítarlega



„Auðvelt er að komast til Dallas frá Íslandi þar sem American Airlines flýgur beint frá Keflavík frá og með 5. maí til 26. október samkvæmt vef Isavia.“



um rannsóknina sem stóð í fleiri ár ásamt öllum þeim samsæris-kenningum sem til eru um þetta sögufræga og sorglega morð sem snerti alla heimsbyggðina. Þetta er safn sem allir sem koma til Dallas ættu að fara á.

Vefsíða: jfk.org

Dallas Museum of Art – DMA

Einkar stórt og áhugavert safn fyrir listunnendur að koma á en safnið er í safnahverfinu hjá Klyde Warren Park. Listasafnið er tíunda stærsta listasafn í Bandaríkjunum en það á yfir 22.000 listaverk sem spanna fimm þúsund ára sögu. Einnig er mikið um sýningar, tónleika og fyrirlestra á safninu. Það kostar ekkert að heimsækja safnið.

Vefsíða: dma.org

Nasher Sculpture Center

Nasher-nýlistaskúlpúrtafsafnið er talið með þeim bestu í heimi. Bæði byggingin og verkin eru einkar falleg og áhugaverð. Þetta er áhugavert safn fyrir fagurkera með brennandi áhuga á listum.

Vefsíða: nashersculpturecenter.org

Petot Museum of Nature and Science

Lifandi og skemmtilegt náttúru- og vísindasafn sem sérstaklega gaman er að fara á með börnum. Þetta er lifandi safn þar sem gestum gefst tækifæri á að snerta og prófa ýmislegt furðulegt og áhugavert.

Vefsíða: perotmuseum.org

Reunion Tower – útsýnisturninn

Turninn er eitt af kennileitum borgarinnar. Efst á honum er einskonar kúla en inni í henni er hægt að horfa yfir borgina í 360 gráður og sennilega óhætt að segja að besta útsýnið sé einmitt úr Geo-Deck, eins og útsýnispallurinn er oftast nefndur. Kúlan er ljósum þakin og blikkar á kvöldin þegar myrkrið skellur á, heimsókn hingað er ferðarinnar virði.

Vefsíða: reuniontower.com

Dallas Arboretum and Botanical Gardens

Einkar fallegur garður rétt fyrir utan borgina sem gaman er að koma í og slappa af. Garðurinn var byggður í kringum tvo herragarða sem enn eru á svæð-

inu og hægt er að skoða. Þarna er gaman að taka myndir, fá sér að borða og skoða hinar fjölmörgu og fallegu plöntur sem prýða garðinn. Heimamenn sækja garðinn vel og margir láta taka af sér brúðarmyndir í fallegu umhverfinu.

Vefsíða: dallasarboretum.org

Dallas Farmers Market – bændamarkaður Dallas

Markaðurinn er vissulega svolítil andstæða við skýjakljúfa borgarinnar sem eru ekki langt undan en þegar komið er á markaðinn er svolítið eins og að vera kominn upp í sveit sem mér fannst skemmtilegt. Markaðurinn er bæði úti og inni, sá hluti sem



er inni er meira í anda götumatarmarkaða og því tilvalið að fá sér léttan hádegisverð á markaðnum. Sá hluti sem er úti er undir skýfli og kannski sem betur fer því hitinn getur orðið mikill

en þar eru bændur, ræktendur og smáframleiðendur með sölubása. Hægt er að fá mikið af grænmeti og ávöxtum úr héraðinu en einnig er talsvert af vörum, eins og hunangi, sultum, mauki, kökum og fleira. Eitt það besta sem ég fann á markaðnum voru chili-sósurnar frá Clowns on Fire sem ég mæli sérstaklega með, sennilega með betri chili-sósum sem ég hef fengið en þær eru logandi sterkar margar svo farið varlega í smakkið. Sósurnar hafa unnið til fjölda verðlauna og tilvalið að koma með nokkrar slíkar heim í farteskinu. Markaðurinn hefur verið starfandi frá árinu 1941 og er vel ferðarinnar virði.

Vefsíða: dallasfarmersmarket.org

Southfork-búgarðurinn í Dallas-þáttunum

Varla er hægt að skrifa um Dallas nema nefna samnefnda sjónvarpsþætti sem áttu miklum vinsældum að fagna á 9. áratug síðustu aldar og margir Íslendingar muna vel eftir enda tæmdust götur borgarinnar á meðan þættirnir voru í loftinu. Ég heimsótti þó ekki búgarðinn fræga Southfork sem var sögusvið þáttanna en það er þó vinsæll áfangastaður ferðamanna. Gott er að vita að um 40 mínútna akstur er frá Dallas að búgarðinum en einungis úti-senurnar voru myndaðar þar og annað í kvikmyndaveri.

Vefsíða: southforkranch.com



4 *Prívíð litrík textílvörk*

Hönnun Heiðísar Höllu Bjarnadóttur tók óvænta stefnu í hönnunarferlinu.



6 *Bláir og gráir litatónar*

Þessir klassísku og faguðu litir eru mikið notaðir um þessar mundir.

MANNLÍF

/ Heimili & hönnun

FÖSTUDAGURINN 5. APRIL 2019

Í SAMSTARFI VIÐ

HÚS
OG HÚBYLI




h Heimili & hönnun
HÚS OG HÚBYLI

New York Loft á

Grandanum

Umsjón / Sigríður Elín Ásmundsdóttir Myndir / Aðsendar





Gamla hafnarsvæðið í Reykjavík býr yfir miklum sjarma og á undanförunum árum hefur Grandagarður tekið meiri háttar breytingum. Þar sem áður voru verbúðir sjómanna, neftóbakskarlar og nær eingöngu starfsemi sem tengdist sjávarútvegi hefur nú myndast blómlegt og skemmtilegt nýsköpunarsvæði og fjölbreyttara mannlíf. Það er óhætt að segja að hafnarsvæðið sé orðið hip og kúl en víða erlendis hefur þróunin orðið á þessa leið; það er að segja að gömul iðnaðarhverfi verða að líflegum nýsköpunarverfum þar sem vinnustofur, sprotafyrirtæki, kaffihús, verslanir, veitingastaðir og mannlíf blómstrar.



Sjávarlyktin berst inn

Ein þeirra sem hefur heillast af þessu gamla hafnarsvæði er Hjördís Árnadóttir, myndlistarmaður og hönnuður, eftir að hafa búið í New York og verið með vinnustofu í gömlu iðnaðarhverfi þar í borg heillaðist hún af Grandanum í Reykjavík. Hún segir að stemningin sé að verða svolitíð svipuð þar og í iðnaðarhverfinu í stórborginni þar sem hún bjó áður og sér ekki eftir því að hafa fjárfest í húsnæði á svæðinu þar sem útsýni er yfir höfnina og sjávarilmurinn berst inn um gluggana.

Bjó í gamalli sykurverksmiðju

Hjördís Árnadóttir er myndlistarmaður með BA-gráðu frá Listaháskólanum og masters-gráðu frá School of Visual Arts í New York þar sem hún bjó áfram í nokkur ár eftir útskrift. Hún tók þátt í listasýningum þar í borg, var með vinnustofu og bjó í gömlu iðnaðarhúsnæði ásamt nokkrum öðrum listamönnum sem voru með henni í náminu. „Við hreiðrudum um okkur í gamalli sykurverksmiðju á bökkum East river með útsýni yfir Manhattan. Þetta var gamalt iðnaðarhverfi í niðurmíðslu sem listamenn fóru að hafa áhuga á, eitt og eitt kaffihús og listamannastúdíó voru opnuð í hverfinu, ekki ólíkt því sem hefur verið að gerast á Grandanum núna undanfarið og hverfið þróaðist í að vera líflegt nýsköpunarhverfi. Ég

bjó þarna í fimm til sex ár, kynntist svo manningum mínum hér heima og flutti heim til Íslands í kjölfarið, tveimur árum seinna,“ segir hún brosandí.

Minnir á listamannaloft á Manhattan

Hvernig ætlaðist það svo að þið keyptuð húsnæði á Grandanum? „Fyrir nokkrum árum síðan fjárfestum við í iðnaðarhúsnæði á Grandanum með það að markmiði að endurbyggja það og hanna á þann hátt að úr yrði áhugavert vinnurými fyrir fólk í skapandi greinum. Í heildina var um að ræða þrjúhundrað fermetra húsnæði eða þrjúhundrað fermetra rými, auk þrjátíu fermetra opinna hæðar í hverju rými. Við hönnun og endurbyggingu leitaðist ég eftir að halda í upprunan og einfaldleikann með því að hafa opið í stálgrind í lofti og halda milliveggjum í algjöru lágmarki þannig að rýmið fengi að njóta sín sem heild. Veggirnir sem ná mest sex metra hæð voru sprautaðir hvítir og flóðlýstir og gólf steypuflotuð,“ svarar hún og við spyrjum hana að endingu hvað sé mest heillandi við þetta hafnarsvæði borgarinnar? „Fyrir utan staðsetninguna minnir húsnæðið á klassísk listamannaloft í New York með tvöfaldrí lofthæð og opinni hæð en húsnæði af þessu tagi er ekki algengt hér í Reykjavík. Í



raun væri eins heillandi möguleiki að nota svona húsnæði sem íbúðarhúsnæði en enn sem komið er er ekki gert ráð fyrir íbúðarbyggð á Grandanum. Á næstu árum verður spennandi að fylgjast með því hvernig þetta svæði verður skipulagt og hvort þarna þarna fái að þróa íbúabyggð í bland við áframhaldandi skapandi atvinnustarfsemi og menningu,“ segir Hjördís brosandí og fær sér kaffisopa. Blaðamaður kveður myndlistarmanninn og hönnuðinn sem hefur skapað þetta skemmtilega rými á einum besta stað bæjarins þar sem ávallt er líf og fjör og sjávarlyktin fyllir vitin.

“

„Við hönnun og endurbyggingu leitaðist ég eftir að halda í upprunan og einfaldleikann með því að hafa opið í stálgrind í loftinu og halda milliveggjum í algjöru lágmarki þannig að rýmið fengi að njóta sín sem heild.“

Gólfefnadagar

26. mars - 6. apríl

HARÐPARKET

8mm frá 1.490 kr. m²

10mm frá 2.590 kr. m²

12mm frá 2.490 kr. m²

Undirlag frá 176 kr. m²

FLÍSAR OG PARKET

MÚRBÚÐARVERÐ



Flísalím & fúga á flottu verði!



MUREXIN Profiflex flísalím
Vatnsþétt og frostþolið flísalím, inni, úti, votrymi og yfir hitalagnir.
Þyngd: 25kg
Verð: **2.590 kr.**



MUREXIN FM 60 Flexfúga
Frostþolin flísa fúga
Margir litir
Þyngd: 2kg
Verð: **795 kr.**
Einnig til í 8 kg, verð **2.140 kr.**
Einnig til í 25kg, verð **2.890 kr.**

DÚKUR Í DÓS



MUREXIN rakapéttikvoða
Frábær kvoða fyrir votrymi.
7kg – **5.290 kr.**
14kg – **8.190 kr.**
25kg – **14.290 kr.**



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

 netgiró

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Þrívíð, litrík textíltréverk sem tóku óvænta stefnu

Umsjón / María Erla Kjartansdóttir Mynd / Auðunn Niélsson

Grafíski hönnuðurinn **Heiðís Halla Bjarnadóttir** sýndi litrík, þrívíð veggverk sem voru hluti af einkasýningunni FORM á Hönnunarmars.

Verkið tók um þrjá mánuði frá hugmynd að lokaútfærslu,“ segir Heiðís Halla. „Hönnunarferlið var mjög skemmtilegt. Ég ákvað að gera tvívíð tölvugrafíkverk sem bæru enga merkingu og þeirra eini tilgangur væri fagurfræðilegur. Ég þurfti listræna útrás sem krafðist einskis af mér nema sköpunargleði og vinnusemi. Ég byrjaði á að búa til form og ákveða liti sem ég teiknaði upp og setti saman í tölvunni. Fyrst áttu þetta að vera plaköt og hluti af dagatali sem ég var að vinna að en þróaðist svo yfir í handunnin verk úr tré og textíl þar sem ég þróaði að vinna með efnið í höndunum. Ég fékk formin skorin út, valdi efni og hófst handa við að setja þetta saman.“

Reynir að vera umhverfisvæn

Hönnunin er úr tré og textíl og Heiðís sér mikla möguleika í að þróa verkin enn frekar í stærð, efnisvali og sem nytjahluti. Hún er þegar byrjuð á þeirri þróun. Umhverfismál eru henni hugleikin og hún reynir því að vinna með þau í huga.

„Síðan ég var krakki hefur hönnun og sköpun skipt mig miklu máli, líklega meira máli en ég gerði mér grein fyrir lengi vel. Ég hef alltaf teiknað og fundið mér útrás í hverskyns sköpun og þegar ég lít til baka þá er áhugavert hvað textill kemur oft við sögu á einn eða annan hátt. Ég hef lesið hönnunar- og tiskublöð síðan ég var unglingur og er alltaf með eitthvert verkefni í gangi.“

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni: heiddishalla.myportfolio.com.



”

„Síðan ég var krakki hefur hönnun og sköpun skipt mig miklu máli, líklega meira máli en ég gerði mér grein fyrir lengi vel.“

Heiðís Halla Bjarnadóttir

„Allt eftir óskum hvers og eins“

Fyrirtækið **Fanntófell** hefur síðan 1987 framleitt borðplötur, sólbekki, veggklæðningar og skilrúm auk annarrar sérsníði. Nýlega hóf það einnig innflutning á lerkum og gluggum og því er af nógu að taka fyrir þá sem eru að byggja, bæta og breyta.



Veggklæðning og borðplata úr Arpa-harðplasti.



Borðplata úr akrýlsteini og Crystal-hurðafrontar.

Fanntófell flutti nýlega í glænytt húsnæði á Gylfaflöt 6-8 í Reykjavík og þar starfa 12 manns. Fyrirtækið var stofnað í Reykholti í Borgarfirði árið 1987 í 100 fermetra húsnæði af þeim Þóri Jónssyni og Sigurði Braga Sigurðssyni sem nú er eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. „Ég tók algerlega við fyrirtækinu þegar það flutti til höfuðborgarinnar árið 1990 og síðan hefur það stækkað jafnt og þétt en núverandi húsnæði er um 1.700 fermetrar,“ segir Sigurður.



Sérsníði, undirlímdir stálvaskar.

Einu á landinu í formbeygingu

Sérsvið Fanntófells er svokölluð formbeyging á harðplasti en jafnframt eru framleiddar plötur úr límtré, Fenix og akrýlsteini. „Formbeyging plasts yfir brúnir hefur verið sérstaða okkar frá upphafi og við erum þau einu á landinu sem gerum þetta. Okkar aðalviðskiptavinir í gegnum tíðina hafa verið verktakar og innréttingasalar en sala til einstaklinga hafa aukist jafnt og þétt. Við höfum svo innflutning á lerkum og gluggum í fyrra og verið er að skoða fleiri möguleika í innflutningi á byggingavörum,“ segir Sigurður.

REHAU, Fenix NTM og besta fáanlega límtré sem boðið er upp á hverju sinni. Eins og áður sagði framleiðum við fyrir verktaka, innréttingaframleiðendur og einstaklinga, allt eftir óskum hvers og eins.“

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðunni fanntofell.is.

Sigurður Bragi Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri Fanntófells.

Gæðafni í framleiðslu

Sigurður segir að gæðafni sé notað í allri framleiðslu. „Má þar nefna harðplast HPL, high pressure laminates, sem er slitsterkt og hitaþolið, akrýlstein frá




PÁSKATILBOÐ



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
INNRETTINGUM
TIL PÁSKA



Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is



Gráir & bláir litatónar

Umsjón / María Erla Kjartansdóttir Myndir / Frá framleiðendum

Steyppuskál með dúmmjökki áferð fyrir hvers kyns smáhluti eða góðgæti, Lauuf.com, verð frá 3.200 kr.

Fallegur ílangur vasi úr reyklitru gleri. Epal, 6.900 kr.



Fjölnota vatnsflaska, 0,5 l. Líf og list, 5.680 kr.



Einstakur bolli og undirskál. Willamia, 2.490 kr.



Hljólegur púði. AFF, 13.300 kr.



Gráblá taska úr fallegu efni. Fakó, 6.900 kr.

* Með fyrirvara um að verð gætu hafa breyst.



Silkirúm-teppi 260x260 cm. Seimei, 119.000 kr.



Peysa frá Won Hundred. Húrra Reykjavík, 24.990 kr.



Smart eyrnalokkar frá Maria Black. Húrra Reykjavík, 4.495 kr. stk.



Töff hangandi ljós. Lýsing og hönnun, 48.990 kr.

Kristalskerta-stjaki frá danska merkinu Specktrum. Reykjavík Design, 8.900 kr.



Figurblá gólfmatta frá Bolia, 200 cm í þvermál. Snúran, 179.820 kr.



Leðurmokkasíur með bláu loði. Skór.is, 24.995 kr.



Wire-stóllinn sem hefur sömu lögun og Eames-stólarnir vinsælu, er hægt að nota bæði inni og úti. Penninn, 63.782 kr.

HÚS OG HÍBYLI

Falleg hönnun og skemmtileg viðtöl.



Ragnheiður Ingunn keramikar á listrænt heimili

Íris Tara heillast af dökkum tönum

Blómlegur stíll hjá Hildi Yeoman og Daníel Björnssyni

Grafískur heimur Kríu í risibúð á Öldugötu

Fatahönnuður í Bryggjuhverfinu



Tvær myndir fylgja með blaðinu! Önnur er eftir Kristín Má Pálmason og hin Signýju Þórhallsdóttur



GRAFÍSKUR HEIMUR KRÍU Á ÖLDUGÖTU

HÖNNUNARMARS
TVO FALLEG VERK FYLGJA MEd BLADINU! EFTIR KRISTIN MÅ PALMASON OG SIGNÝJU ÞÓRHALLSDÓTTUR
RAGNHEIÐUR INGUNN KERAMIKER Á LISTRÆNT HEIMILI OG VINNUSTOFU
ÍRIS TARA Á DIMMÓNNA OG FALLEGT HEIMILI
BLÓMLEGT HJÁ HILDI YEOMAN OG DANIEL BJÖRNSSYNI

www.birtingur.is | Áskriftarsíminn: 515-5500 | Áskriftarsíminn er opin frá 9:00 - 13:00 alla virka daga.



NÝTT

Fontana



Bovino



Fontana

Mikið úrval af fallegum og vönduðum húsgögnum

Sófar • Rúm • Stólar • Púðar • Skenkar • Borð • Sumarhúsgögn



Roma hornsófi verð 265.900 kr.



Havana tungusófi verð 570.000 kr.



Lyon sófasett verð 330.000 kr.

PÚ FÆRÐ DRAUMASÓFANN HJÁ OKKUR

900 útfærslur, engin stærðartakmörk og 3.000 tegundir af áklæðum



Svefnsófi verð 285.900 kr.



Madison tungusófi verð 498.900 kr.



Basel hornsófi verð 343.900 kr.

HÚSGÖGN FYRIR REKSTUR OG HEIMILI

Stólar • Borð • Borðfætur • Barstólar • Bekkir



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Að lokum



Mörgæsir lýsa mínum karakter

Júlíana Sara er uppenandi leikkona sem hefur verið að skjóta sér hratt upp á stjörnuhimininn síðan hún útskrifaðist frá listaháskólanum Rose Bruford College of Theatre and Performance vorið 2013. Hún hefur bæði leikið á sviði, í bíómyndum auk þess sem hún hefur framleitt sínar eigin þáttaseriur og sketsa. Árin 2014-2016 gerði hún gamanþættina Þær tvær ásamt Völu Kristínu leikkonu og nú síðast Venjulegt fólk. Júlíana er algjör íþróttagarpur og finnst fátt betra en að anda að sér fersku lofti og hlaupa ófáa kílómetrana.

Hver er Júlíana? Hress, góðhjörтуð og metnaðarfull leikkona, handritshöfundur og leikstjóri. Það sem ég er þó stoltust af er að vera móðir tveggja dásamlegra einstaklinga og vera eiginkona Ása.

Hvaðan kemur þú? Ég er að mestu uppalin í Grafarvogi þótt mig langi einhvern veginn alltaf að segja að ég sé ættuð úr Eyjum þar sem móðururættin mín er þaðan. Ég er stolt af því þar sem þetta er að mínu mati, fallegasti staður á Íslandi.

Bestu kaupin fyrir heimilið? Bestu kaupin fyrir heimilið er pianóið okkar. Það eru ófá kvöld sem Ási, maðurinn minn spilar og ég og börnin öskursyngjum með. Sem betur fer erum við ein af þeim fáu sem erum flutt inn í blokkina.

En verstu? Verstu kaupin er eitthvað af gerviblómum mínum sem ég keypti í flutningunum. Ég er því miður sú manneskja sem drep óvart allar alvöruplöntur.

Te eða kaffi? Ég vildi að mér bætti te gott en mér finnst bara svo leiðinlegt að drekka það. Ég vel swiss mocca eða góðan latte-bolla.

Bíó eða leikhús? Þar sem ég er leikkona þá finnst mér ég verða að segja leikhús en ég held að bæði sé jafnmikið uppáhalds. Að horfa á góða mynd finnst mér ekkert síðra en að sjá gott leikrit.

Netflix eða línuleg dagskrá? Ég er tiltölulega nýbúin að átta mig á snilldinni sem Netflix er svo ég kys þáð.

Hvaða dýr lýsir þínum karakter best? Mig langar að segja mörgæs. Ég held að mörgæsir séu stundum svolítið utan við sig, þær líta allavega út fyrir það. Þær synda líka og labba mikið. Þetta lýsir mér.

Hvaða listamaður heillar þig upp úr skónum? Sá listamaður sem heillar mig algjörlega upp úr skónum er alltaf Steve Carell. Sama hvað hann gerir þá finnst mér hann snilld.

Ef þú ættir eina ósk? Ég hugsa svo oft, sérstaklega ef maður dettur í leiðindalestur á kommentakerfinu. Getum við ekki bara öll verið góð hvert við annað? Ætli það sé ekki bara óskin mín.

Hörbrúnn er móðins um þessar mundir

Náttúrulegir og hlýlegir litatónar eru að verða meira áberandi þessi misserin, kaldir tónar eru vikja fyrir hlýlegum litum. Það getur komið vel út að velja keimlíka litatóna í sama rými og mála jafnvel hillur og skenk til dæmis í sama lit eða svipuðum tón og veggina. Það skapar dýpt og hlýleika, það er að segja ef litirnir eru hlýlegir og mjúkir, ef þannig má komast að orði. Ritstjórn Húsa og híbýla valdi hlýlegan brúngráan lit nýlega sem fer vel á flest rými. Liturinn fæst í BYKO.



NJÓTTU TÍMARITA UM PÁSKANA

Nældu þér í eintak á næsta sölustað eða í sérstakt áskriftartilboð á birtingur.is



Sex mánuðir á **7.995 kr.**

Njóttu tímarita um páskana!



Þrjú mánuðir á **7.995 kr.**

1 kg af konfektifylgir með fyrstu 30 áskriftum

*Meðan birgðir endast



Áskriftarsíminn er 515-5500 og opin virka daga kl. 09:00 - 13:00



Sætoppur ehf. | Lónsbraut 6 | 220 Hafnarfirði | S: 551-7170 | saetoppur.is

FYRIR FRÍN OG FERÐALÖGIN



NÝTTU TÍMANN
— LAXDAL ER Í LEIÐINI



Fylgið
okkur á
facebook



Afþreying

KROSSGÁTA

		STJÓRNAR ABSETUR	ÖGN	ÓNEFNDUR	ALDRADI		FRÆND- BÁLKUR	FUGL	STIKLA	BELTI	DAGATAL
		AFBÖKUN									
		ÓSKA				NAFN BÓT					
		TVEIR EINS		SÁÐNING		EIGNIR					
				SPILA							
		SKÁI					BYLGJA				
							ÚT				
		EI	EKKI					MÁL MUR			
			SPAUG					NÁTTA			
						NÝJA					STEIN- SYKUR
						SLANGA					
		GANG- TEGUND				NAGDÝR				TVEIR EINS	
						SÁLAR				VANGI	
		UMFRAM		NÁÐHÚS				SÓT			NÚA
				GAS				HLJÓÐFÆRI			
		Í RÖÐ		STAKUR			DRÝLDINN				
				SKOÐUN			HRYGNING				
		KER				PYKKUR			GED		
						SPAUGA			SEYTLAR		
			ENDUR- BÆTA				GARGA			ÓHRÓÐUR	
			BLAKA				ADALS- MANNA			LÆKNAST	
		AND- STÆÐINGA				BERIST TIL		SKURÐ- BRUN		ÁTT	
						TVEIR EINS		SKOT		SVALI	
		VEFUR		SIGTI			SVALL				STÍGUR
				RELLA			ÁN				GLATA
		Í RÖÐ		ÁLUN					SEFAST		
				FÁT					TVEIR EINS		
		FÖRNAR- GJÖF				MERGÐ			ÓSKERTA		
									RÓMVERSK TALA		
		BLÓMI				MÍÐJA				EITURLYF	
		SKYNJA						TEYMA			

Létt					Miðlungs					Erfið							
1		8	3					3	9		8	1	7	6			
7		4					6	3	4		3			1			
8			6	1	4		1	9		7		6	4		2		
3		9	7	5	6		8		6	2	4	3	1				
	9	5	8	4		2	5			8	7	4	5	7	2	1	9
8	5	6	3		9	1	4	3		5					6		5
6	3	4			7	7		1	2			2		9	5		
			6		4		9	8	3			4					2
		7	1		9	4	2					9	1	6	4		

Kannaðu þekkingu þína á mannlíf.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



„Ljóst er þó að slæmar hugmyndir deyja ekki, heldur birtast ávallt aftur með nýju fólki“. Hver skrifar svo í niðurlagi pistils sem birtist á mannlíf.is?

Af hverju sá Valitor ástæðu til að vara við svikahröppum í vikunni?



Cruel er annað lagið sem Glowie sendir frá sér undir merkjum Columbia Records en það fjallar um hvað krakkar geta verið grimmir og byggir Glowie lagið á eigin reynslu. Hver er hún?

Eltihrellum bresku konungsfjölskyldunnar hefur fjölgað töluvert að undanfögnu, eða um heil 25 prósent samkvæmt The Sun. Hver er ástæða þessarar aukningar að mati miðilsins?



Hvers vegna hafa Sóley Tómasdóttir og Sigmar Vilhjálmsson eldað grátt silfur að undanfögnu?

PRÓFAÐU
NÝJU

MicellAIR[®] HREINSILÍNUNA

FYRIR VATNSHELDAN FARÐA



NIVEA MicellAIR Expert hreinsilínan fjárlægir vatnsheldan farða á mildan en áhrifaríkan hátt með Miceller tækninni, í bland við þurrolú og svart te. Það er óþarfi að skola af eða nudda. Hreinsar fullkomlega og án þess að skilja eftir filmu eða klístur.



Saltlegnar sítrónur

Saltlegnar sítrónur, preserved lemons, eru sítrónur sem látnar eru liggja í nokkrar vikur í salti og sítrónusafa. Þær eru mikið notaðar í matargerð bæði á Indlandi og í Norður-Afríku og þá eru þær helst notaðar í pottrétti og sósur.



Texti og stílisering / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir
Myndir / Ernir Eyjólfsson

”

„Saltlegnar sítrónur eru skemmtileg afurð sem fáir Íslendingar þekkja.“



Þegar sítrónurnar hafa legið í saltinu og sítrónusafanum í svona langan tíma verða þær mjúkar og litur þeirra svolítið glær. Bragðið verður dálítið beiskt og sítrónubragðið magnast verulega. Lítið þarf af sítrónunum í hvern rétt og betra er að hafa minna og bæta þá fremur við

ef þarf. Saltlegnar sítrónur eru skemmtileg afurð sem fáir Íslendingar þekkja og því hvetjum við alla sem langar að prófa nýja hluti að skella sítrónum í krukku og prófa sig áfram með notkun þeirra. Hér gefum við ykkur uppskrift að saltlegnum sítrónum sem henta sérlega vel í framandi pottrétti.

Saltlegnar sítrónur


1 meðalstór krukka með loki
spritt eða örlítið vodka
10-12 sítrónur
1-2 dl gróft sjávarsalt

Sóttþreinsið hreina krukku með því að skola hana vel að innan með sprittinu eða vodkanu. Þvoðið

vel fjórar sítrónur með falletum berki. Skerið 4 lauf í þær án þess að þau losni efst, eins og á mynd. Setjið mikið salt inn á milli rifjanna og kreistið vel saman, troðið sítrónunum ofan í krukkuna og kreistið allan safann úr restinni af sítrónunum yfir eða þar til krukkan er orðin alveg full. Það

er svolítið misjafnt hversu margar sítrónur þarf til að fylla krukkuna, fer eftir safamagninu í hverri þeirra, stærð sítrónanna og einnig stærð krukkunnar.

Geymið í a.m.k. 6-8 vikur áður en sítrónurnar eru notaðar í matargerð.



Decubal Face wash

Hreinsfroða sem hreinsar húðina á mildan en jafnframt áhrifaríkan hátt. Froðan hefur léttu og mjúka áferð og þurrkar ekki húðina en skilur hana eftir mjúka og hreina. Hún inniheldur rakagefandi glýserín og allantóín sem hreinsar burtu dauðar húðflögur og hvetur til frumuendurnýjunar.

Decubal Face cream

Dagleg umhirða húðarinnar getur komið í veg fyrir þurrk og haldið húðinni heilli og teygjanlegri. Nærið húðina með þessu milda andlitskremi. Það inniheldur E-vítamín sem mýkir húðina. Kremið smýgur fljótt inn í húðina og er ekki fitukennt – sem gerir það að góðum grunni undir farða.

Fyrir daglega umhirðu húðarinnar

Allar Decubal vörur eru öruggar, mildar og rakagefandi ásamt því að vinna gegn þurri húð. Decubal er alhliða húðvörulína og hentar öllum í fjölskyldunni. Decubal er algjörlega laust við ilmefti, litarefti og parabena og er eingöngu selt í apótekum.

DECUBAL
EXPERT CARE FOR DRY SKIN

Betna veður í boði!

Flugsæti
VERÐ FRÁ
19.900 kr.
Aðra leið

Costa Brava

Tossa de Mar ★★★

GHT TOSSA PARK APARTMENTS

Brottför 30. maí - 8. júní

Íbúð með einu svefnherbergi

94.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 107.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Almería

Roquetas
de Mar

PIERRE VACANCES ★★★

Brottför 31. maí - 7. júní

Íbúð með tveimur svefnherbergjum

67.900 kr.

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 91.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Costa Blanca

Calpe ★★★

LARIMAR APARTMENTS

Brottför 13. júní - 20. júní

Íbúð með einu svefnherbergi

93.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 116.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Lloret de Mar ★★★★★

GUITART GOLD CENTRAL PARK AQUA RESORT

Brottför 20. júní - 29. júní

Junior svíta með morgunverði

119.900 kr.

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 138.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Roquetas
de Mar

ARENA CENTER ★★★★★

Brottför 16. ágúst - 23. ágúst

Stúdíóíbúð

77.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 101.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Benidorm ★★★

MILORDS SUITES

Brottför 20. ágúst - 27. ágúst

Íbúð með einu svefnherbergi og sjávarsýn

89.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 123.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Lloret de Mar ★★★★★

GRAN GARBI MAR

Brottför 15. ágúst - 24. ágúst

Tvíbýli með morgunverði

149.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 182.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Innifalið í verðum: flug, skattar, 20 kg ferðataska, handfarangur og gisting.



Gran Canaria

Tenerife

Enska Ströndin

★★

TENEGUIA

Brottför 3. júní - 10. júní
Íbúð með einu svefnherbergi og sundlaugarsýn

74.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 86.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Enska Ströndin

★★★★

BUNGALOWS
PARQUE CRISTOBAL

Brottför 10. júní - 17. júní
„Kid suite“ smáhýsi með tveimur svefnherbergjum

93.900 kr.

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Enska Ströndin

★★

CORONA BLANCA

Brottför 26. ágúst - 2. september
Íbúð með einu svefnherbergi

78.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

FlugPlus!

ALICANTE → KEFLAVÍK

Brottför 7. apríl — aðra leið

19.900 kr.

ALICANTE → KEFLAVÍK

Brottför 13. apríl — aðra leið

24.900 kr.

ALMERÍA → KEFLAVÍK

Brottför 31. maí — aðra leið

19.900 kr.

GRAN CANARIA → KEFLAVÍK

Brottför 3. júní — aðra leið

19.900 kr.

ALMERÍA → KEFLAVÍK

Brottför 7. júní — aðra leið

19.900 kr.

KEFLAVÍK → ALMERÍA

Brottför 23. ágúst — aðra leið

19.900 kr.

Los Cristianos

★★★★

CORAL LOS ALISIOS

Brottför 22. maí - 29. maí
Íbúð með einu svefnherbergi

94.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 114.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Costa Adeje

★★★★

HOVIMA ALTAMIRA

Brottför 3. júlí - 10. júlí
Íbúð með einu svefnherbergi

98.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Los Cristianos

★★★★

HG CRISTIAN SUR

Brottför 28. ágúst - 4. september
Íbúð með tveimur svefnherbergjum

99.900 kr.

Verð á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 127.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

Los Cristianos

★★★★

HG TENERIFE SUR

Brottför 11. september - 18. september
Íbúð með einu svefnherbergi

96.900 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð frá 115.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

plús
FERÐIR

Komdu út í Plús!

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS



Gestgjafinn

BAKSTUR

Reglulega berast fréttir af hinum ýmsu rannsóknum sem benda til hollustu súkkulaðis og súkkulaðigrísir um allan heim gleðjast um leið og þeir teygja sig í eldhússkápinn og ná sér í einn bita með kaffinu. Það er löngu sannað að allt er gott í hófi og það á auðvitað við um súkkulaði eins og annað. Hér er uppskrift að afar girnilegri og gómsætri köku sem súkkulaðiunnendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Texti / Kristín Dröfn Einarsdóttir

Mynd / Karl Petersson

Stílisti / Ólöf Jakobína Ernudóttir



Seiðandi súkkulaði

Súkkulaðiterta með viskírjóma og marenstoppi

Súkkulaðiþotn

smjör til að smyrja form
200 g súkkulaði
2 dl sykur
80 g smjör
salt á hnífsoddi
3 egg
1 dl möndluflögur

Smurjið lausbotna form, u.þ.b. 24 cm, og sniðið smjörpappír í botninn.

Setjið súkkulaði, sykur, smjör og salt í skál og bræðið vel saman yfir heitu vatnsbaði. Þeytið egg og möndluflögur saman í hrærivélarskál þar til blandan er orðin létt og ljós. Bætið eggjablöndunni smátt og smátt saman við súkkulaðiþráðina með sleikju og hrærið varlega þar til blandan fer aðeins að stífna. Setjið deigið í formið og bakið við 175 °C í 40–50 mín.

Smurjið súkkulaðikreminu á kaldan súkkulaðiþotninn og setjið viskírjómann ofan á kremið. Brjótið marenstoppinn ofan á rjómann og skreytið gjarnan með því að dreypa örtiltu kaffisírópi yfir marenstoppinn

Súkkulaðimarens

3 eggjahvítur, geymið rauðurnar
½ tsk. lyftiduft
1 ½ dl sykur
¼ dl flórsykur
1 ½ msk. kakó

Hitið ofninn í 90 °C. Þeytið eggjahvítur og bætið lyftidufti út í. Bætið sykri smátt og smátt saman við þegar eggjahvítur eru farnar að stífna og þeytið þar til blandan er stífþeytt. Sigtíð flórsykur og kakó yfir blönduna og hrærið varlega saman við með sleikju. Teiknið hring af svipaðri stærð og súkkulaðiþotninn og dreifið úr marensblöndunni innan hringsins, bakið í 1 klst. og 30 mín. Leyfið

marensinum að kólna í ofninum. Þessi marens á að vera þurr að utan en svolítið blautur og klessulegur að innan.

Súkkulaðikrem

3 eggjarauður
5–6 msk. flórsykur
50 g smjör
100 g súkkulaði

Bræðið smjör og súkkulaði saman í skál yfir heitu vatnsbaði og látið síðan kólna aðeins. Þeytið eggjarauður og flórsykur saman í hrærivélarskál. Bætið súkkulaðiþráðinni varlega saman við eggjarauðublönduna og hrærið vel.

Viskírjómi

250 ml rjómi
½–1 msk. sykur, má sleppa
1 msk. viskí

Setjið rjóma og sykur saman í skál og þeytið aðeins saman. Bætið viskí út í og þeytið að fullu.



Hér er uppskrift að afar girnilegri og gómsætri köku sem súkkulaðiunnendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara.



NÓA

Popp Smellur



Poppaðu upp tilveruna!

Nóa Popp Smellur er nýtt og ómótstæðilegt súkkulaðihúðað poppkorn sem einnig er fánlegt með pipardufti. Grípandi smellur sem tyllir sér beint á topp vinsældarlistans.

Popp Smellur. Nýjasti Smellurinn frá Nóa Sírius.

1

Lífsstíll

TÍSKA



Alek Wek

Alek Wek stúði borgarastyrjöld í heimalandinu Suður-Súdan til Bretlands árið 1991. Hún skaust hratt upp stjörnuhimininn og er skráð í sögubækurnar sem ein vinsælasta fyrirseta tíunda áratugarins. Alek opnaði augu bransans fyrir þeldökkri fegurð og breytti honum til hins betra. Það má með sannri segja að það hafi tekist að hrista upp í fyrrum „normi“ því um helmingur vinsælustu fyrirseta tiskusýningarpalla dagsins í dag eru af afrískum uppruna.



Erin O'Connor

Karl Lagerfeld heitinn lýsti Erin sem einni bestu fyrirsetu heims en hún hefur meðal annars barist gegn óraunhæfum staðalímyndum í bransanum. Hún er þekkt fyrir dökka hárið, (sem hún hefur leyft að grána náttúrulega), langa og granna útlími og einstaklega fallegt og sterkt nef. Erin er og verður alltaf í uppáhaldi hjá okkur eins og mörgu tiskuáhugafólki sem hún fullkomna listagyðja. Erin gekk niður tiskusýningarpallinn snemma á árinu fyrir Schiaparelli komin átta mánuði á leið með sitt annað barn.

Maggie Rizer

Maggie hefur löngum vakið aðdáun okkar en hún er ein af þessum einstöku andlitum tíunda áratugarins sem hefur átt endurkomu á tiskupallinn. Hún hefur tekið snúning fyrir Michael Kors, Önnu Sui, Louis Vuitton og Prabal Gurung síðustu árin en hún eignaðist sitt fjórða barn í fyrrasumar.



Kirsten Owen

Kirsten Owen er með sérstakt útlit sem endurspeglar tisku tíunda áratugarins einstaklega vel. Hún var meðal annars andlit Helmut Lang árið 1997 en tuttugu árum síðar var hún með kombakk sem kúllaði tiskuáhugafólk.



Kirsty Hume

Kirsty Hume sat fyrir í goðsagnakenndum tiskupætti fyrir tiskubíbltuna Vogue á tíunda áratuginum þar sem hún klippti sjálf síðu ljósu lokkana sem hún er hvað þekktust fyrir. Hún var uppgötvuð af ljósmyndaranum Patrick Demarchelier og hefur unnið fyrir öll stærstu nöfnin í bransanum. Því var ánægjulegt að sjá hana eiga endurkomu á pallinn fyrir Michael Kors í fyrra. Nýlega sat hún fyrir með dóttur sinni og tvífaru fyrir Vogue enn á ný og sannar að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.



Carmen Kass

Carmen Kass var næstum jafnstórt nafn og Gisele Bundchen í kringum aldamótin. Carmen er þekkt í heimalandinu Eistlandi fyrir skákhæfileika sína en hún hefur einnig boðið sig fram til þings. Síðustu árin hefur hún meðal annars setið fyrir fyrir tiskukeðfuna Zöru. Mikið var gaman að sjá ofurfyrirsætuna eiga endurkomu, við söknunum hennar úr tiskuheiminum.




Stella Tennant

Stella Tennant er ein af stærstu fyrirsetum tíunda áratugarins og getur brugðið sér í hvaða hlutverk sem er, hvort sem um ræðir hátiskufatnað eða pönkarastíl. Stella sem er af skoskum aðalsættum og fjarskyld frænka Dönu prinsessu, átti meðal annars endurkomu á tiskusýningarpallinn fyrir Salvatore Ferragamo.

Andlit aldamótanna eiga endurkomu á tiskusýningarpallinn

Andlitin sem mótuðu tiskuheim tíunda áratugarins hafa hvert af öðru átt endurkomu á tiskusýningarpallinn síðustu misserin. Í hænuskrefum virðist tiskubrainsinn farinn að taka við sér og sýna fyrirsetur á breiðara aldursbili en áður.

Er flóran þín í lagi?



OptiBac **For women** inniheldur hágæða lifandi gerla sem hafa verið prófaðir á þúsundum kvenna um allan heim og eru með klínískar rannsóknir á bak við sig. Sérstaklega hefur verið sýnt fram á að gerlarnir ná alla leið á kynfærasvæðið.

**Veldu Optibac, sérfræðing í góðgerlum.
Ekki þjást að óþörfu.**

OptiBac
probiotics

Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og í verslunum Nettó

„Íslensk tónlist kemur mér alltaf í stuð“

Erla Bjarney Árnadóttir ráðgjafi segir að frá því hún muni eftir sér hafi tónlist spilað stórt hlutverk í lífi hennar. Oft sé hreinlega eins og tónlist stýri tilfinningaskalanum, þannig gefi hress lög henni orku á meðan rólegri lög veiti sökun. Helgarlisti Erlu tekur mið af þessu.

Föstudagur

„Við mæðginin fluttum til Windsor árið 2011 svo nú heyrir ég sjaldnar íslensk lög í útvarpi. Þegar hugurinn leitir heim og þegar mig skortir orku finnst mér fátt betra en að leyfa íslenskum tónum að fljóta. Þá eru það lög eins og *Hvar er draumurinn*, *Nína*, *Fjöllin hafa vakað*, *Gaggó Vest*, *Traustur vinur*, *Sigurjón digri*, þjóðhátíðarlögin okkar og fleiri í þessum dúr sem koma með orkuna frá Íslandi. Íslensku lögin koma mér alltaf í gott föstudagsstuð.“

Laugardagur

„Á laugardegi er tilvalið að leyfa tónlist Bryan Adams að hljóma. Frá því að ég heyrði plötuna hans *Reckless* árið 1995 hef ég verið forfallin aðdáandi Bryan Adams og verð aldrei leið á honum. Þessi kanadíski tónlistarmaður verður bara betri og er ótrúlegu „performer“ á tónleikum. *Summer of 69*, *Heaven* og *It's only love* eru sígild lög.“

Sunnudagur

„Mér finnst gott að eiga rólegan dag á sunnudegi. Tracy Chapman veitir fullkomna afsöppun á meðan maður fær sér morgunkaffi og fer yfir fréttirnar á Netinu. *Fast Car*, *Talkin' 'bout a Revolution* og *Baby can I hold you* af plötunni Tracy Chapman eru kærkomin blanda á sunnudegi. Plata sem hljómaði oft heima á Reyðarfirði. Eina sem vantar til að fullkomna momentíð eru klómur frá Gurrú frænku.“

Erla Bjarney Árnadóttir



Stafræn endurbætt útgáfa af Benjamin dúfu er til sýnis á hátíðinni.



Meistaraverkið *The NeverEnding Story* verður sýnd.



Úr *Ghostbusters*.

Klassískar kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna

Alþjóðleg barnkvikmyndahátíð stendur nú yfir í Bíó Paradís. Að sögn Arons Víglundssonar dagskrárstjóra kennir ýmissa grasa á hátíðinni en í forgrunni verða sígildar perlor sem öll fjölskyldan getur haft gaman af.

Texti / Roald Eyvindsson

Það má segja að nostalgía ein-kenni hátíðina í ár, bæði hvað varðar innlendir og erlendir myndir, þar sem við ætlum að sýna myndir sem eru fyrir löngu orðnar sígildar. Foreldrar geta því farið með börnunum sínum í bíó og endurupplifað myndir sem þeir höfðu gaman af í æsku. Það verður eitthvað fyrir alla,“ segir Aron, en í bíóinu verður fjölbreytt úrval kvikmynda í fullri lengd ásamt vel völdum stutt- og heimildamyndum.

Þetta er í sjötta sinn sem Alþjóðleg barnkvikmyndahátíð er haldin en hún var opnuð í gærkvöldi með sýningu á hinni sígildu Benjamin dúfu frá árinu 1995. „Helstu aðstandendur myndarinnar voru viðstaddir, leikarar og höfundurinn Friðrik Erlingsson en þeir hafa ekki komið saman í nokkra áratugi. Auk þess hefur myndin sjálf ekki sést í bíó í tugi ára en þetta er endurbætt stafræn útgáfa sem hefur lengi verið í burðarliðnum og því má kannski

segja að þetta sé seinni frumsýning myndarinnar á Íslandi,“ segir Aron kíminn.

Alls kyns skemmtilegir viðburðir

Fjöldi annarra áhugaverðra mynda verður til sýnis eins og áður sagði. Glæný stafræna útgáfa af Ronju ræningjadróttur með íslensku tali, *The NeverEnding Story*, *Ghostbusters* og *Dark Crystal* úr smíðju Jims Henson, skapara Prúðuleikaranna. Auk þess sem boðið verður upp á alls konar viðburði tengda myndunum. „Til dæmis verður námskeið í slímgerð fyrir sýninguna á *Ghostbusters* núna á sunnudegi, af því að í myndinni kemur slím talsvert við sögu. Borgarleikhúsið verður með leiklistarspjall í tilefni af sýningu á myndinni Matthildi

en leikrit byggt á sama verki er sýnt í leikhúsinu. Og svo verður skraut-skriftarnámskeið í tengslum við sýningar á japönskum fjölskyldu-myndum. Sem sagt alls konar skemmtilegheit,“ segir Aron.

Hann bætir við að mikið sé lagt upp úr því að hafa dagskránnu á hátíðinni sem veglegasta enda sé mikilvægt að glæða áhuga barna á kvikmyndum og menningu. „Já, það skiptir ótrúlegu máli að auka fram-

boðið af góðum myndum fyrir börn og færa þeim bæði fjölbreytt og áhugavert efni víðsvegar að úr heiminum. Þessi hátíð er frábært tækifæri til þess og fyrir kynslóðirnar til að koma saman og eiga góða stund,“ segir hann og getur þess að aðeins 1.000 krónur kosti inn á myndir á hátíðinni sem stendur yfir til 14. apríl.

„Það skiptir ótrúlegu máli að auka framboðið af góðum myndum fyrir börn og færa þeim bæði fjölbreytt og áhugavert efni víðsvegar að úr heiminum.“

Aron Víglundsson hjá Bíó Paradís.

ÁHRIFAMESTU BÆKURNAR

Umsjón / Roald Eyvindsson

Eflaust ellimerki að kjósa fræðandi bækur

Gunnlaugur Bragi Björnsson, varaborgarfulltrúi og formaður Hinsegin daga, kys bækur sem veita innsýn í samfélag og sögu.

„Í sannleika sagt þá les ég allt of lítið og er alltaf að reyna að taka mig á í þeim efnunum enda hef ég mjög gaman af lestri góðra bóka,“ segir Gunnlaugur Bragi. „Fyrst eftir að ég lauk háskólanámi fannst mér tilhugsunin um meiri lestur svolítið erfið og því las ég einna helst aðlesna krimma eða annað í þeim dúr á ferðalögum. Á síðustu árum hef ég hins vegar sífellt meiri þörf fyrir að lesa fræðandi bækur, bækur sem veita mér nýja þekkingu og betri innsýn í samfélag og sögu. Eflaust er það einhvers konar ellimerki en ég tek því fagnandi. Bækurnar sem koma strax upp í hugann sem þær áhrifamestu sem ég hef lesið eru einmitt bækur af þessum toga.“

Sláandi frásögn

„Fyrst ber þar að nefna trílógíu hins sænska Jonas Gardell, þerr-aðu aldrei tár án hanska. Verandi

virkur þátttakandi í baráttunni fyrir áframhaldandi sýnileika og auknum réttindum hinsegin fólks í samfélaginu finnst mér afar mikilvægt að fræðast um fyrri tíma. Sagan má aldrei gleymast en ég trúi því líka að hluta svarsins við því hvert við stefnum sé einmitt að finna í því hvaðan við erum að koma. Og það er einmitt það sem þessi trílógía gerir. Þarna er á ferð sláandi fyrstu handar frásögn um unga menn sem finna ást í örmum hvor annars snemma á níunda áratugnum. Þarna spila m.a. inn í trúarbrögð, fordómar, einmanaleiki og sorg en ekki síst HIV-faraldurinn. Upp úr bókunum þremur



Gunnlaugur Bragi Björnsson.

voru svo gerðir sjónvarpsþættir sem m.a. vöktu mikla athygli á RÚV fyrir nokkrum árum.“

Saga sem gleymist seint

„Önnur bók sem hafði mikil áhrif á mig og hefur fylgt mér allar götur síðan er bókinn *Mennirnir* með bleika þríhyrninginn eftir Heinz Heger sem kom út árið 1972 en í íslenskri þýðingu árið 2013. Þar er sögð saga Josef Kohout sem árið 1939 var handtekinn af Gestapo, leynilögreglu nasista, ákærður fyrir alvarlegan saurlífnað og dæmur til þrælkunar. Þar var Kohout einn af þúsundum samkynhneigðra karla sem látnir voru bera bleikan þríhyrning í fangabúðum nasista. Sárafátt hefur varðveist sem lýsir aðbúnaði hinsegin fólks í fangabúðunum en Kohout lifði þrælkunina af og í dag er saga hans líklega frægust þeirra sem lýsa hlutskipti homma í Þriðja ríki Hitlera. Átakanleg frásögn sem ég spændi í mig í flugi fyrir nokkrum árum og hefur átt sérstakan stað í hjarta mér síðan.“

Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlar - fyrir þarmaflóruna og varnir líkamans!

„Íðraólga þ.e. uppþemba, vindgangur, niðurgangur og/eða hægðatregða er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið merki um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. Eg mæli með Probi Mage LP299V® mjólkursýrugerlum.“
- Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarperapisti

abel heilsuvörur
www.abelheilsuvorur.is

ROALD DAHL

Matthildur

SÖNGLEIKURINN



„Markvert er hversu frábærlega ungu einstaklingarnir í hópnum standa sig, öll sem eitt.“

SJ. Fréttablaðið.




„Matthildur er þekvirki.“

DT. Morgunblaðið

„Stórsýning á heimsmælikvarða.“

BB. Menningin





Texti / Steinar Fjeldsted



Hljóðrituðu plötuna á gömlum sveitabæ

Íslensk-rússneska tvíeykið **Pale Moon** gefur út sína fyrstu EP-plötu, **Dust of Days**, mánudaginn 15. apríl.

Meðlimir sveitarinnar eru **Natasha Sushchenko** og **Árni Guðjónsson** tónsmíður en þau tóku plötuna upp á gömlum sveitabæ á Suðurlandi, sem þau fengu að láni og segja að hún sé undir áhrifum frá meðal annars Carole King og Rolling Stones-plötunni *Exile on Main St.* Þess má geta að Natasha og Árni reka líka saman tísku- og lífsstílsverslunina *Kvartýra 49* á Laugavegi og í nafni hennar birta þau mánaðarlegt hlaðvarp þar sem fjallað er um nýttkomna íslenska tónlist, bjóða viðmælendum sínum í heimsókn og fá þá til að leika fyrir dansi á milli fataslánna. Hlaðvarpið kallast *Gulu Bogagöngin* og má finna á iTunes, Podcast appinu og Soundcloud. Platan *Dust of Days* er fyrsta fullvaxta tónlistarverkefni þeirra Natöshu og Árna.

Vann með heimspektu tónlistarfólki í London



Tónlistarmaðurinn **Gísli** vinnur nú að nýrri plötu sem verður hans fjórða plata í fullri lengd og er væntanleg seinna á árinu. Platan hefur fengið heitið *The Skeleton Crew*, sem þýðir lágmarks mannskapur til að framkvæma hluti. „Mér fannst þetta viðeigandi þar sem ég spila á öll hljóðfærin á plötunni sjálfur, tek allt upp og mixa heima í stúdíóinu mínu í Höfnum á Reykjanesi,“ segir hann. Áður var Gísli á samningi hjá útgáfufyrirtækinu EMI UK í nokkur ár þar sem hann gaf út meðal annars lagið *How about that* sem naut mikilla vinsælda. Eftir það vann hann m.a. við að semja og útsetja fyrir aðra, mest í London en líka í Ameríku og Noregi þar sem hann bjó í mörg ár áður en hann flúttist til London. Í London starfaði hann með ýmsu áhugaverðu tónlistarfólki eins og **Mick Jones** úr hljómsveitinni *The Clash* og tónlistarkonunum **Carrey Dennis** og **Duffy**. Fyrir skömmu sendi Gísli frá sér lagið *Tidal Wave* sem hefur fengið góða spilun hérlendis. Hægt er að hlusta á það á **Albúmm.is**.

Útivistarfatnaður með framtíðarívafi

Grafíski hönnuðurinn **Siggeir Magnús Hafsteinsson** (Sig Vicious aka Geiri) og fatahönnuðurinn **Harpa Einarsdóttir** (MYRKA) hafa leitt saman hesta sína og hannað vægast sagt tryllta fatalínu. Öllu var til tjaldað þegar fatalínan var kynnt til sögunnar á barnum Miami á dögnum. „Harpa Einarsdóttir hafði samband við mig og spurði hvort ég vildi gera verkefni með sér. Við fengum svo styrk frá Hönnunarsjóði til að koma þessu af stað og nýttum auralana til að gera prótótýpur,“ segir Geiri, spurður út í samstarfið.

Harpa sá um að hanna flíkurnar og Geiri um grafíkina sem er sótt í íslenska náttúru svo að úr verður framandi áferð með óvenjulegum litbrigðum. „Mig hafði langað lengi að gera eitthvað tengt fatnaði með Lavastract-myndirnar mínar og það var geggjæð skemmtilegt að fá að vinna með Hörpu að þessu, hún er ótrúlega klár og skapandi,“ segir Geiri. Hann bætir við að næst sé á dagskrá að þróa verkefnið áfram og finna framleiðanda.

Fötin eru til sýnis í *Kvartýru no49*, við Laugaveg 49.

Færeyingar stíga varlega til jarðar á meðan Íslendingar eru djarfari

Færeyski raftónlistarmaðurinn **Janus Rasmussen** var að senda frá sér sína fyrstu sóló-plötu, *Vín*. Platan inniheldur fallega og melódíska raftónlist en er með broddi.

Texti / Sigrún Guðjohansen Mynd / Jeaneen Lund

Platan var í vinnslu í eitt og hálft ár á milli þess sem ég var að spila úti með **Kiasmos** og að plötusnúðast. Það var ofboðslega krefjandi ferli,“ segir Janus og bætir við að hann hafi fengið mikinn stuðning frá æskuvini sínum tónlistarmanninum **Sakaris** sem býr einnig á Íslandi. Janus segir að vinirnir hafi byrjað að grúska í tónlist þegar þeir voru krakkar en faðir Sakaris hafi átt upptökuver. „Við fengum að prófa okkur áfram og leika okkur með hljóðfæri og græjur sem smástrákar. Þannig byrjaði það og var ekki aftur snúid. Við stofnuðum síðan hverja hljómsveitina á fætur annarri og erum báðir starfandi tónlistarmenn í dag.“

Janus kemur frá Þórshöfn í Færeyjum en flutti til Íslands árið 2004 með færeyskri hljómsveit sem hét **Speaker**. Hljómsveitin ferðaðist um allt land og spilaði meðal annars á listahátíðinni *Lunga* þar sem Janus kynntist meðliminum **Bloodgroup** og gekk í kjölfarið til liðs við sveitina. „Þá var ég með annan fótinn á Íslandi og hinn í Færeyjum í nokkur ár þar til ég flutti endanlega til Íslands árið 2008 og hef búið hér síðan,“ segir hann.

Var næstum því hent af Hróarskeldu

Janus segir að margt skemmtilegt hafi komið upp á ferlinum og nefnir atvik með umræddri hljómsveit **Bloodgroup** þegar hún kom fram á *Hróarskeldu* fyrir nokkrum árum. „Ég man að umgjörðin var öll mjög alvarleg og Hallur, forsprakki **Bloodgroup**, þurfti að skrifa undir allskonar skilmála áður en við fengum að spila,“ rifjar hann upp. „Einn af skilmálunum var sá að við máttum ekki stökkva inn í þvöguna af sviðinu. En einhvern veginn fór það alveg fram hjá mér að það væri bannað. Tónleikarnir gengu eins og í sögu, við öll í stuði og ég tók upp á því í hita leiksins að stökkva fram af og „crowdsurfa.“ Restin af hljómsveitinni horfir síðan á mig



Færeyski tónlistarmaðurinn **Janus Rasmussen** hefur búið á Íslandi í 15 ár og unnið að ýmsum tónlistarverkefnum með þekktum nöfnum bæði hér heima og erlendis.

”

„Ísland er nógu stórt til þess að rýma allt þetta hæfileikaríka fólk en nógu lítið til þess að auðvelt sé að sækja í það fólk sem maður vill vinna með.“

fljóta um í áhorfendaskaranum og var í hálfgerðu sjokki. Skipuleggjendur *Hróarskeldu* þrjúást. Okkur var næstum því hent af hátíðinni en ég baðst fallega afsökunar og við fengum að vera áfram.“

Auðveldara að vera tónlistarmaður á Íslandi

Þrátt fyrir að hafa komið að mörgum tónlistarverkefnum á Íslandi segist Janus þó ekki hafa gleymt því hversu mikið er af hæfileikaríku tónlistarfólki í Færeyjum. Þannig hafi hann og færeyska tónlistarkonan **Guðrið Hansdóttir**, úr popp-hljómsveitinni *Byrta*, unnið að einu tónlistarverkefni saman og það hafi verið með því skemmtilegasta sem hann hafi gert

hingað til. „Að fá að vinna aftur á færeysku eftir að hafa búið á Íslandi svona lengi var frábært. Gaman að búa til færeyskt popp fyrir færeyskan markað.“

Að sögn Janusar er listasænan í Færeyjum í sífaldum blóma. Þar sé margt virkilega hæfileikaríkt og flott tónlistarfólk. Hins vegar sé töluvert erfiðara að starfa eingöngu sem tónlistarmaður í Færeyjum en á Íslandi. Það sé ein ástæða þess að sumt færeyskt tónlistarfólk sest að á Íslandi, líkt og hann sjálfur.

„Þar er mun smærri markaður og erfitt að takmarka sig við eina ákveðna tónlistarstefnu,“ útskýrir hann og bætir við að þjóðirnar tvær séu að mörgu leyti svipaðar en Færeyingar stígi þó örlítið varlega til jarðar á meðan Íslendingar séu djarfari. „Hér er síðan líka stútfullt af skapandi fólk. Ísland er nógu stórt til þess að rýma allt þetta hæfileikaríka fólk en nógu lítið til þess að auðvelt sé að sækja í það fólk sem maður vill vinna með.“

Þess má geta að fram undan hjá Janusi er tónleikaferðalag með **Christian Löffler**.

Albúmm mælir með



Skálmöld í sínu náttúrulega umhverfi

Eftir taumlausu spilamennsku erlendis til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni koma **Skálmöldarlíðar** loksins heim og spila ferna tónleika, tvenna í Reykjavík og tvenna á Akureyri. Síðan fimmta plata þeirra, *Sorgir*, kom út á haustmánuðum hafa þeir varla staldrað við en ætla að loka vetrartúrnum hér á landi. Hér munu ný lög hljóma í bland við eldri á alvöruþungarokkstónleikum, fjárrí öllum símfónihljómsveitum, stórum tónleikasölum, hér er Skálmöld í sínu náttúrulega umhverfi.

Áhugasömum skal bent á að fleiri Skálmöldartónleikar eru ekki á planinu hér á landi á árinu og eins verður ekki hægt að bæta við fleiri tónleikum í þessari atrennu. Tónleikarnir á **Hard Rock Café** fara fram 5. og 6. apríl og hefjast klukkan 21. Hægt er að nálgast miða á **Midi.is**.

Þránn Árni treður upp í Hljóðfærahúsinu

Gítarsnillingurinn **Þránn Árni Baldvinsson** úr *Skálmöld* kemur fram í horni Hljóðfærahússins í dag. Þránn þykir einn af færari gítarleikurum landsins, hefur spilað og túrað með *Skálmöld* heiminn þveran og endilangan, spilað með Símfónihljómsveit Íslands í tvisgang og hlotið margvísleg verðlaun. Í kvöld gefst gestum og viðskiptavinum Hljóðfærahússins færi á að hlýða á hann spila og eins spyrja hann um spilamenskuna, tækin og hljóðfærin – allt sem þeim dettur í hug. **Okeyþis verður inn og allt sýnt í beinni útsendingu á Facebook**. Herlegheitin byrja stundvíslega klukkan 17.

Karl Kristján Davíðsson sýnir veggjalist

Karl Kristján Davíðsson sýnir veggjalist í Hlutverkasetrину Ae. Karl Kristján er fæddur í Reykjavík árið 1977. Hann ólst upp í Vesturbænum og flutti svo um 11 ára aldur til Svíþjóðar ásamt fjölskyldu sinni. Þar fékk hann fjötlega áhuga á myndlist. Karl hefur haldið um 20 sýningar frá árinu 1999 eftir að hafa verið í móteltöngu í Reykjavík og Borups Folkhólskole í Kaupmannahöfn. Hann hefur hlotið góða umsögn og vakið áhuga í myndlistinni. **Sýningin opnar í Hlutverkasetrину Ae á mánudag, 8. apríl klukkan 14.00.**

Úrslitakvöld Músíktíðrauna 2019

Úrslitakvöldið fer fram í Hörpu annað kvöld, laugardaginn 6. apríl. Um tíu hljómsveitir keppa í úrslitunum og hljóta efstu þrjár glæsileg verðlaun. Efnilegustu hljóðfæraleikarnir verða einnig valdir af dómnefnd en áhorfendur velja vinsælustu hljómsveitina með símakönnu. Undanfærinn ár hefur úrslitakvöldinu verið útvarpað um land allt af Rás 2 og árið 2016 hóf Ríkissjónvarpið að streyma úrslitakvöldinu í beinni útsendingu á **www.ruv.is**. Á meðal hljómsveita sem hafa á borðið sigur úr þítum undanfærinn ár má nefna *Of Monsters and Men*, *Samaris* og *Vök*. Hátíðin í í Hörpu í kvöld hefst klukkan 17. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.



SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS



Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Ertu á leið í leikhús?

Þá er kjörið að fá sér gott að borða í góðu umhverfi fyrir leikhúsið.



Þriggja rétta leikhústilboð alla daga aðeins 6.990 kr.

Gildir einungis fyrir borð sem koma á milli 17:30 og 18:00

Gestir þurfa að hafa lokið máltíð fyrir 20:00

Frakkastíg 8b - 101 Reykjavík

Sími: 557 - 7665 - rvkmeat@rvkmeat.is - www.rvkmeat.is



Tók þátt í fyrstu seríunni af Idol-stjörnuleit

Umsjón / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Söngkonan og -kennarinn **Arna Rún Ómarsdóttir** og hljómsveit munu halda sína þriðju **Alanis Morissette**-heiðurstónleika þann 12. apríl næstkomandi í kjallaranum á **Hard Rock Café**. Við fengum Örmu til að segja okkur nokkrar stærmyndir um sjálfa sig að því tilefni.

1 Ég útskrifaðist sem viðurkenndur Complete Vocal Technique-kennari frá Complete Vocal Institute í Danmörku árið 2015 og skipti þá algjörlega um starfsvettvang. Var áður sérfræðingur á gæðarannsóknardeild Actavis.

2 Ég er með masters-gráðu í líffræði með áherslu á sameindalíffræði og snérst mastersverkefnið mitt m.a. um að sérhæfa stofnfrumur úr fósturvísamanna í sláandi hjarta-vöðvafrumur.

3 Fór út sem bakraddasöngkona og raddþjálfari í Eurovision árið 2018.

4 Tók þátt í fyrstu seríu af Idol-stjörnuleit árið 2003.

5 Hef alltaf elskað að slaka á og slökkva á mér fyrir framan sjónvarpið. Ef ég ætti að velja eina uppáhaldsajónvarpsseríu þá yrði það að vera Friends. Þau hafa fylgt mér alla tíð síðan ég var krakki.

Arna Rún Ómarsdóttir.

Kökuhlaðborðið aðalsmerki hlaupsins

Flóahlaupið verður haldið í fertugasta sinn um helgina en það er meðal annars þekkt fyrir kökuhlaðborðið sem boðið er upp á að hlaupi loknu. Ungmennafélagið Þjótandi sér nú um utanumhaldið og við fengum formann þess, Guðmundu Ólafsdóttur, til að segja okkur aðeins frá þessum skemmtilega viðburði.

Texti og myndir / Ragnhildur Aðalsteinsdóttir



Hlauparar við ráslínu.

Hlaupið er frá félagsheimilinu Félagslundu og boðið upp á þrjár vegalengdir; þrjú kílómetra, fimm og tíu. Brautin er nær marflöt, styttri vegalengdirnar á malbiki en tíu kílómetra hlaupið að stærstum hluta á malarvegi. „Hlaupararnir eru í miklu návígi við náttúruna og jafnvel búpeninginn á nærliggjandi bæjum. Eitt árið kom það meira að segja fyrir að hrossahópur slapp út úr girðingu við hlaupaleiðina og hljóp samferða hlaupurunum hluta af leiðinni, flestum til ánægju,“ segir Guðmunda, formaður Umf. Þjótanda og skjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnesinga.

„Hlaupið var fyrst haldið árið 1979 svo nú er 40 ára afmæli þess. Forvígismaður hlaupsins er Markús Ívarsson á Vorsabæjarhóli og í upphafi hófst hlaupið á hlaðinu í Vorsabæ, næsta bæ við Vorsabæjarhól, og hlaupinn var tíu kílómetra hringur sem kallast Vorsabæjarhringurinn. Keppendur voru tíu talsins og að hlaupi loknu bauð Markús þeim heim í kaffi að Vorsabæjarhól. Þegar fram liðu stundir og hlaupið varð vinsælla var upphafsstaður þess færður að Félagslundu til þess að hægt væri að koma öllum í kaffi. Frá byrjun hefur þó verið hlaupinn sami hringur. Markús er enn í dag aðalskipuleggjandi hlaupsins,

enda þekkir það enginn eins vel og hann.“

Heimilislegt og „sveitó“

Kökuhlaðborðið er fyrir löngu orðið aðalsmerki hlaupsins og er að sögn Guðmundu upprunnið í klassískri íslenskrí gestrisni. „Því aðalsmerki viljum við halda á lofti. Kaffiveitingarnar gera það að verkum að Flóahlaupið er ekki bara íþróttaviðburður heldur einnig menningarviðburður fyrir þá sem mæta. Þarna fær hlaupafólk viðsvegar að tækifæri til að setjast niður og eiga notalega stund að hlaupi loknu og spjalla saman. Kökurnar



”

„Kaffiveitingarnar gera það að verkum að Flóahlaupið er ekki bara íþróttaviðburður heldur einnig menningarviðburður fyrir þá sem mæta.“

sem boðið er upp á eru allar bakaðar af húsmæðrum úr hreppnum en flestum íbúum sveitarinnar þykir sjálfsgagt mál að rétta ungmennafélaginu hjálparhönd þegar eftir því er kallað með því til dæmis að gefa félaginu eina köku. Venjan er svo að fá hóp ungmenna til að koma og smyrja brauðið og baka vöflurnar. Það myndast alltaf ágætisstemning í eldhúsinu við þessa vinnu,“ segir Guðmunda og mikil ánægja hefur verið meðal keppenda með þennan viðburð. „Enda er andrúmsloftið afskaplega heimilislegt og „sveitó“, eins og sumir vilja orða það. Sumir hafa jafnvel komið og tekið þátt áratugum saman. Kökuhlaðborðið hefur, eins og ég sagði, verið frá upphafi og á svo sannarlega sinn þátt í vinsældum hlaupsins. Keppendur hafa flestir verið á annað hundrad en fjöldi þátttakenda fer mikið eftir veðri eins og oft vill verða. Hlaupið fer alltaf fram byrjun apríl svo það er allra veðra von.“

Guðmunda sjálf er með bakgrunn í frjálsum íþróttum og hefur reynt að halda sér við síðan. „Ég hef þó ekki gerst svo fræg að keppa í öðrum hlaupum en Kvannahlaupinu. Ég hef aldrei keppt í Flóahlaupinu sjálf, enda alltaf nóg að gera við framkvæmd hlaupsins. En ég er ákveðin í að taka þátt þegar ég verð hætt stjórnarsetu í Þjótanda og get farið að mæta sem óbreyttur borgari.“



Forvígismaður hlaupsins, Markús Ívarsson.



Kökuhlaðborðið er fyrir löngu orðið aðalsmerki hlaupsins og er að sögn Guðmundu upprunnið í klassískri íslenskrí gestrisni.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður Umf. Þjótanda og skjalavörður á Héraðsskjalasafni Árnesinga. Mynd / Gunnhildur Lind

Dans

Sjálfstætt framhald af sýningu sem mistókst

Vorblót Tjarnarbiós og Reykjavík Dance Festival er nú í fullum gangi. Þar munu sjálfstæðu listakonurnar Ástrós Guðjónsdóttir og Alma Mjöll Ólafsdóttir meðal annars stíga á svið með verkið I want to dance like you part 2.

„Vorblótið er spennandi vettvangur fyrir sviðslistamenn til að deila verkum sínum. Þetta er fjögurra daga sviðslistahátíð þar sem hátíðin kannar mörkin milli dans, leiklistar og tónlistar og gefur gestum tækifæri til að upplifa fjölbreytileika íslensku sviðslistanna á einu bretti en vert er að geta þess að listamenn á Vorblóti þessa árs eru nær eingöngu konur,“ segja Ástrós og Alma. Verkið sem þær sýna er sjálfstætt framhald I want to dance like you, útskriftarverki Ástrósar. „Það verk var unnið út frá löngun okkar til að læra að dansa út frá forsendum hvor annarrar. Vinnsla verksins gekk vel framan af en endaði svo með ósköpum

þegar perónulegt líf okkar tróð sér með offorsi inn í æfingaferlið með þeim afleiðingum að sýningin mistókst. Okkur mistókst svo rosalega að gera sýningu að hún tókst óvart, akkúrat af því að hún mistókst. Sýningin fjallaði á endanum um mistök. Nú, ári síðar, höfum við tekið höndum saman á ný. Margt hefur breyst á þessu ári, við erum báðar útskrifaðar með BA-gráðu í sviðslitum, Alma er orðin rannsóknarblaðamaður og Ástrós er á leiðinni í Eurovision. Við erum báðar hamingjusamari að þessu sinni en lífið samt stærra og flóknara. Allar þessar breytingar hafa haft áhrif á útkomu verksins I want to dance like you part 2,“ segja þær.



Listakonurnar Ástrós Guðjónsdóttir og Alma Mjöll Ólafsdóttir sýna nýtt verk á gömlum grunni á Vorblótiinu. Mynd / Mynd / Sunna Axelsdóttir

Verk Ástrósar og Ölmur, I want to dance like you part 2, verður sýnt þann 7. apríl klukkan 19 í Tjarnarbió.



Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage LP299V** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - **Friða Britt Bergsdóttir**

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is

1
AHA
PEELING

NÝTT

2
HYALURON
SERUM



TVÖFÖLD VIRKNI FRUMUENDURNÝJUN & MINNI HRUKKUR

Sameinar 2 mjög áhrifaríkar formúlur sem vinna á nóttunni við að ýta undir endurnýjun húðfruma og minnka hrukkur.
96% af þeim sem prófuðu staðfestu fallegri húð, 89% staðfestu minni hrukkur.*

Fæst í apótekinu þínu.

Eucerin® - Húðvísindi sem sjást.

Eucerin®

*GfK, blint vörupróf, 150 konur. Hlutfall þeirra sem staðfestu eftir 4 vikna notkun.



1. Myrthe hilla 40 CM **3.900 kr**, 80 CM **5.400 kr**, 160 CM **10.700 kr**



2. BOBBY
5.900 kr

ALLSKONAR NÝTT OG SKEMMTILEGT Í TEKK COMPANY



3. NIKKI
9.800 kr



6. NYMPHEA **2.900 kr**



4. HANDKLÆÐI
500, 1.450, 2.900 kr



5. MAJOR SÓFABORÐ
MARMARAPLATA / 3 STÆRÐIR
45 CM **27.500 kr**
60 CM **39.000 kr**
70 CM **48.000 kr**



7. GRANNY **6.500 kr**



8. OPERATOR
BORÐSTOFUSTÓLL
19.500 kr



9. LEX LEÐURSTÓLL
175.500 kr
M. afsl.: **157.500 kr**

-10%
afsláttur



10. MARTHA **98.000 kr**

SÓFADAGAR

Allir sófar með 10-40% afslætti



Rodeo Classic - lengd: 275 cm
Verð: 220.000 kr / M. afsl.:198.000 kr



Melchior sófi
Verð: 198.000 kr / M. afsl.:138.000 kr



Montino - leðursófi
Verð: 395.000 kr / M. afsl.:276.500 kr
Nora motta - Verð: 45.000 kr

habitat 

TEKK
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Síðast en ekki síst

Eftir / Óttar M. Norðfjörð

Hefði

■ Ég sá ljósið í síðustu viku. Ég var að hlusta á Skúla Mogensen útskýra hvað fór úrskeiðis hjá WOW air og segja að hann hefði átt að hefja endurskipulagningu fyrirtækisins fyrr. „Ég trúir því að ef við hefðum fengið meiri tíma hefðum við klárað þetta.“

Hefði. Svo fallett orð, tregafullt, svo ljóðrænt. Það tók mig 39 ár að átta mig á því, en ekkert annað orð í íslensku tungu lýsir okkur Íslendingum jafn vel. Við erum upp til hópa dugleg og sífellt að reyna, en á lokasprettinum klúðrum við alltaf einhverju og þá grípum við til hefði. Hversu margir íslenskir stjórnáamenn hafa komist hjá því að segja af sér með því að nota gamla, góða hefði? „Ég hefði átt að gúgla betur“ var raunverulegt svar íslenskrar stjórnáalakonu við eigin afglöpum. Þetta er hin fullkomna afsökun þegar maður gerir upp á bak. Hefði – sjálf þjóðarsálin í fimm stöfum. Aðrar þjóðir stunda auðvitað líka hefði, en Íslendingar eru bara svo miklu betri í því, búnir að fullkomna listina. Við erum í raun svo góð í hefði að við ættum að flytja það út. Við myndum græða milljónir.

Nú hef ég upplifað þrjár kreppur, misstórar, á sirka tíu ára fresti og alltaf er stutt í blessað hefði. Um árbúsundamótin var það netbólan sem sprakk með tilheyrandi hefði. 2008 var það bankahrunið, en aldrei í sögu hefðisins hafa heyrst jafnmörg hefði og þá. Og nú, rúmum tíu árum síðar, er ferðamannahrunið í fullum gangi og Skúli reið á vaðið í hefðinu, en er alveg örugglega ekki sá síðasti. Það þarf engan snilling til að sjá mynstrið. Ég býð allavega spenntur eftir því að hetja Íslands eftir sirka áratug stígi fram þegar óskabarns-fyrirtækið hennar fer á hausinn og segi okkur hinum hvað hún eða hann hefði átt að gera.



Páskasalatið "Andasalat"

Klettasalat og spínat, anda "confit", pikklaður laukur, mangó, parmesan ostur og pecan hnetur




Toppur fylgir frítt með

2.290 kr

fresco

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GJÖF FYLGIR FERMINGARRÚMUM



Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum



VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum.

90x200 cm

Verð aðeins kr. 72.900.-

100x200 cm

Verð aðeins kr. 74.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 109.000.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum

90x200 cm

Verð aðeins kr. 89.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 124.900.-

153x203 cm

Verð aðeins kr. 139.900.-

Náttslóppar og sængurföt

Mikið úrval - Flottar fermingargjafir

Sængur og koddar - Mikið úrval

20% afsl.

Flott fermingargjafir

Heilsukoddar - Mikið úrval

Flott fermingargjafir



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

FERMINGAR tilboð

DELUXE

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm

Verð aðeins kr. 69.900.-

120x200 cm

Verð aðeins kr. 84.900.-

140x200 cm

Verð aðeins kr. 94.900.-

Ath. fleiri stærðir í boði.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00